



LANDVERND

ÁRSRIT 2019 – 2020



WE ARE DESTROYING THE EARTH

yes but it turns out that it is very PROFITABLE

SUPPORT FROM GERMANY

PULL THE EMERGENCY BRAKE

AFTER 10 YEARS OUR FUTURE WILL END

FRAMTÍÐIN OKKAR  
AÐGERÐIR STRAX

## Efnisyfirlit

Ávarp formanns - Mannlíf er óhugsandi án lífríkis .....	3
Til hvers að vernda land? .....	4
FEE .....	6
Skólar á grænni grein – Grænfáninn .....	6
Ungt umhverfisfréttafólk .....	7
Vistheimt með skólum .....	8
Hob's Adventure: Námsfni fyrir leikskóla og yngsta stig grunnskóla .....	8
Sjálfbærnimenntun: Valdefling og nemendalýðræði í umhverfismálum.....	9
Virkjum grasrótina! Vertu með! .....	10
Viltu hafa áhrif með Landvernd? .....	11
Nýr vefur Landverndar .....	11
Alviðra í ljósi sögunnar .....	12
Birki á Íslandi.....	13
Starfsfólk Landverndar 2019-2020.....	14
Stjórn Landverndar 2019-2020.....	15
Enn stækkum við.....	15
Við vekjum athygli.....	15
Græn pólitík.....	16
Grípum tækifærið til að byggja upp loftslagsvænni ferðapjónustu .....	18
Ályktanir Landverndar 2019-2020 .....	19
Útgáfa .....	20
Ný græn atvinna .....	21
Stefna Landverndar 2019-2021 .....	22
Rekstrar- og efnahagsreikningur ársins 2019.....	23
Arfleifð Árneshrepps .....	24
Nokkrir valdir viðburðir .....	26
Gjafabréf Landverndar .....	28

Landvernd, landgræðslu- og umhverfisverndarsamtök Íslands, er frjáls félagasamtök sem starfa að umhverfismálum til að vernda og bæta lífsgæðin í landinu. Hlutverk Landverndar er að standa vörð um íslenska náttúru og vera virkur þátttakandi í stefnumótun, fræðslu og upplýstri ákvarðanatöku í málum er varða landnotkun, auðlindir og umhverfi. Innan Landverndar eru 41 aðildarfélag um allt land en auk þess eru yfir 6000 skráðir félagar.



### LANDVERND

Þessi skýrsla stjórnar var lögð fram á aðalfundi Landverndar 6. júní 2020.

Ljósmynd á forsíðu: Ungt fólk hefur krafist tafarlausra aðgerða í loftslagsmálum síðan í febrúar 2019 með vikulegum loftslagsverkföllum. Loftslagsverkfallið Aðgerðir strax! sem haldið var í samstarfi við Landvernd föstudaginn 20. september 2019 markaði upphaf allsherjarverkfallsvikunnar 20. - 27. september. Ljósmyndari: Gunnlaugur Rögnvaldsson frá loftslagsverkfallinu föstudaginn 20. september.

Hönnun og umbrot: Dagný Reykjalin | Blek hönnunarstofa - [www.blekhonnun.is](http://www.blekhonnun.is)  
Prentun: Guðjón Ó, vistvæn prentsmiðja. 

Ávarp formanns

## Mannlíf er óhugsandi án lífríkis

Enn eru of margir sem líta á jörðina sem hótél þar sem „einhver“ tekur til eftir slæma umgengni. Þeir eru sem betur fer líka margir sem líta á jörðina sem heimili sem verður að gæta vel að. Og þeim virðist fjölga. Það lofar góðu. Mannlífið byggir á því að gangvirki lífríkisins sé ekki spillt, að við lítum á lífríki jarðar sem heimili sem þarf að ganga vel um svo allir haldi góðri heilsu.

Við lifum á miklum breytingatímum þar sem maðurinn er farinn að hafa veruleg neikvæð áhrif á gangverk jarðar. Við því verður að bregðast með þekkingu og innsæi að leiðarljósi, en einnig á grunni víðtækrrar samstöðu innanlands og í góðu samstarfi við önnur ríki. Við höfum tíma til að rétta kúrsinn af, draga úr þeim skaða sem virðist blasa við. En ekki mikinn tíma.

Í stóra samhenginu er mikilvægasta viðfangsefnið að stemma stigu við hættulegar loftslagsbreytingar af mannavöldum og stöðva eyðingu á lífbreytileika. Í daglegu starfi er viðfangsefnið m.a. að draga úr neikvæðum áhrifum einstakra framkvæmda á náttúru, hemja útblástur og mengun, beina fjárfestingum á grænar lausnir, breyta neyslu- og framleiðsluháttum með því að innleiða hringrásarhagkerfi og koma á fjárhagslegum hvötum til að breyta hegðun neytenda jafnt sem fyrirtækja. Þetta tengist, stóru og erfiðu viðfangsefnin loftslagsbreytingar og lífbreytileiki og allar þær ákvarðanir sem við tökum frá degi til dags. Það vill gleymast. Nýlegt dæmi er samgönguáætlun Íslands. Við verðum að horfast í augu við raunveruleikann en jafnframt að greina tækifæri í ógnunum. Breytingar sem þarf að innleiða til að takmarka loftslagsbreytingar og vernda lífbreytileika munu, ef rétt er að staðið, líka bæta okkur sem samfélag, hvar sem við búum á jörðinni.

### Landvernd og umbreytingar

Á umbreytingartímum hefur Landvernd, sem elstu og öflugustu umhverfisverndarsamtök landsins, hlutverki að gegna. Samtökin reka víðtækt fræðslustarf, veita nauðsynlegt aðhald þegar stórar framkvæmdir eru skipulagðar, hvetja stjórnvöld til dáða, kasta fram hugmyndum um lausnir, rýna í tillögur um aðgerðir og gagnrýna aðgerðaleysi. Samtökunum hefur vaxið fiskur um hrygg með fjölgun félaga sem veita stuðning, með fleiri starfsmönnum sem bæta skilvirkni og rekstur og öflugra grasrótastarfi. En starfið er margt og mörgum málum náum við því miður enn ekki að sinna. Því verðum við að halda áfram að styrkja samtökin til að mæta framtíð þar sem mörg viðfangsefni bíða. Hvorki vírusar né annað mótlæti má breyta þeim ásetningi.

### Allir með, en sumir skara fram úr

Umhverfisverndarsamtök gegna mikilvægu hlutverki til mótvægis við sérhagsmuni, skammtímasjónarmið, afneitunarsinna og lýðskrumara. En einstaklingar skipta líka miklu máli. Hvert og eitt í okkar daglega lífi, en ekki síst þau sem hafa stigið fram og með visku og áræðni, skerpt athygli og áhuga á að bæta heiminn. Mér er hugsað til Gretu Thunberg sem hefur hvatt margt ungt fólk til dáða, Andra Snæs Magnasonar, rithöfundar, sem hefur vakið þjóðina til umhugsunar um tímann og tengslin á milli kynslóða í baráttunni gegn loftslagsbreytingum, lækisins góða, Tómasar Guðbjartssonar, sem hefur fetað í fótspor Ómars Ragnarssonar og lagt mikið af



mörkum með myndum og frásögnum um alla þá dýrð sem býr í landinu okkar ef við höldum því óspilltu. Ekki má gleyma dugnaði umhverfis- og auðlindaráðherra og um leið þess óskað að árangur af hans góðu viðleitni verði mikill þegar fram líða stundir. Loks vil ég nefna Vigdís forseta, verndara Landverndar, klettur sem stendur með samtökunum í blíðu og stríðu. Fyrir hönd Landverndar flyt ég þessum einstaklingum þakkir fyrir leiðsögn og innblástur.

### Landvernd í hálföld

Á síðasta ári höldum við upp á að Landvernd hefur starfað í takt við tímann í 50 ár og tekist á við ótal viðfangsefni. Þegar gluggað var í söguna kom í ljós að samtökin hafa lagt margt til málanna. Það var Landvernd sem þróaði og prófaði hugmyndir um rammaáætlun, sem hóf baráttuna gegn ofnotkun plastpoka með stofnun Pokasjóðs, sem benti á þörfina fyrir umhverfisráðuneyti og sem greindi og mótaði hugmyndir um aðgerðir gegn losun gróðurhúsalofttegunda líðlega áratug áður en stjórnvöld fóru að taka þetta viðfangsefni alvarlega. Landvernd kom á fyrsta náttúruskóla landsins að Alvíðru og innleiddi grænánann til að hvetja skóla til dáða í umhverfismálum. Vissulega hefur ýmislegt áunnist á hálfri öld. Sum baráttumál hafa fengið farsælan endi, en annar vandi virðist hafa vaxið þeim mun meira. Sem fyrr eru sterkir hagsmunaaðilar, gróðahyggi og skammstýrir stjórnálamenn helsta hindrunin á veginum til sjálfbærrar þróunar. En við, hvert og eitt okkar, erum einnig hindrun þar sem við eigum erfitt með að tileinka okkur lífsgildi sem eru forsenda þess að vel fari. Hlutverk Landverndar er halda okkur við efnið í dagsins önn.

### Öflugur hópur að baki

Landvernd byggir á fólki sem vill bæta heiminn. Félögum sem treysta á að samtökin standi vaktina, stjórn sem leggur línurnar fyrir starfið og leysir fjölþætt verkefni í sjálfböðavinnu, hópi félaga sem eru virkir í grasrótastarfi og mörgum öðrum félagasamtökum sem eiga samstarf við Landvernd. Hjarta félagsins slær hjá framkvæmdastjóra, Auði Önnu Magnúsdóttur, og samstarfsfólki hennar á skrifstofunni. Þau halda utan um rekstur, treysta fjárhag, sjá um samskipti og gera starfið skilvirkt. Saman getum við átt drjúgan þátt í að landinu okkar miði áleiðis til sjálfbærrar þróunar.

### Vertu með í Landvernd!

Starfsfólki Landverndar, samstarfsfólki í stjórn og félögum öllum sendi ég þakkir fyrir gott samstarf.

Tryggvi Felixson, formaður Landverndar frá aðalfundi 2019

Henry Alexander Henrysson:

# Til hvers að vernda land?

Nokkrir af eftirminnilegustu nemendum mínum í gegnum tíðina hafa starfað sem landverðir yfir sumartímann. Fleiri en einn þeirra og fleiri en tveir hafa tekið utanvegaakstur sem dæmi um siðferðilega ámælisverða hegðun þegar ég hef beðið um slík dæmi. Sögur af því hvernig hjólför hafa skorið í sundur viðkvæman gróður og búið til rásir í veikbyggða mela hafa leitt til fjörlegra umræðna og minnt okkur á mikilvægi þess að hafa öflugt eftirlit á hálendinu. Samnemendur þeirra hafa allir tekið undir við að fordæma hegðun af þessu tagi.

Nú er ég heimspekingur og hef áhuga á að velta því fyrir mér hvers vegna utanvegaakstur (dæmi sem varpar almennu ljósi á umhverfisvernd) teljist siðferðilega ámælisverð hegðun. Er hann það vegna þess að svona hegðun leggur meiri vinnu á herðar landvarða? Væntanlega upp að vissu marki, en það getur ekki sagt alla söguna. Yfirleitt dugir ekki að hegðun skapi verkefni fyrir fólk til að hún teljist ámælisverð. Svo kann vel að vera að við gætum fundið landvörð sem elska að hlaupa um móa og mela með malarhrífuna og kvartar ekki.

Sjónmengun eru þau rök sem oftast eru viðhöfð þegar reynt er að útskýra hvað sé rangt við slíkan akstur. Rökunum er svo gjarnan spyrnt saman við rök um að við ættum að vernda umhverfi okkar vegna þess að það sé verðmætara, í fjárhagslegu tilliti, ósnortið. Hugmyndin er sú að erlendir ferðamenn borgi ekki fyrir flugferð til Íslands og komi sér upp á hálendi nema við þeim blasi friðhelg víðerni. Hjólför ræni þá upplifunum sem þeir hafi í raun borgað fyrir.

Þetta eru góð rök en ég hef stundum spurt nemendur mína hvort hjólför bakvið hól sem enginn kiki yfir séu þá minna ámælisverð. Eru hjólför í hvarfi þá ekki náttúruspjöll ef meginrökin eru að ekki megi ræna fólk upplifunum? Hvað gerist ef engir ferðamenn birtast hvort sem er? Sú hugsun er kannski óþægilega nálægt okkur þessa dagana.

Algengt svar við ofangreindum spurningum er að það velti kannski fremur á því hversu viðkvæmur gróðurinn sé og hver skaðinn sé fyrir umhverfið og vistkerfið. Þetta finnst mér vera áhugaverðari nálgun. En hvaða hugsun erum við þarna að koma í orð? Er þá skaðinn ekki vegna náttúrunautnar okkar? Getur verið að landið sjálft hafi til að bera hagsmuni sem ranglátt er að breyta gegn? Sumir svara þessu neitandi og segja að svarið liggir í því að gróður og jarðmyndanir verði að varðveita fyrir komandi kynslóðir. Ég held hins vegar að það svar nái ekki alveg utan um vandamálið. Hverju myndi það til dæmis breyta ef smekkur komandi kynslóða myndi taka grundvallarbreytingum? Og hverju myndi það breyta ef við gætum ekki gert ráð fyrir komandi kynslóðum?

Ég mætti nýlega í útvarpsviðtal vegna órangútansins Söndru sem var úrskurðuð persóna af dómstól í Argentínu. Hér verður sú saga ekki rakin en þetta mál varpar ágætum ljósi á þá þróun sem er að verða í



Rauðufossafjöll. Ljósmynd: Kristján Ingi Einarsson

samtímanum þar sem við erum farin að gefa gaum réttindum annarra fyrirbæra heldur en manna. Hver veit nema enn þá eftirtektarverðara dæmi sé friðun Whanganui árinna í Nýja Sjálandi á þeim forsendum að hún sé handhafi persónuréttinda. Vissulega er sú friðun reist á menningar- og þjóðfræðilegum forsendum fyrst og fremst, en þó er ekki um algjörlega mannhverfa vernd að ræða. Svo virðist sem siðferðileg viðmið taki nú breytingum og að okkur finnist ástæða til að standa vörð um hagsmuni annarra náttúrulegra heilda af fjölbreyttu tagi.

En hvað hefur slík þróun að segja um utanvegaakstur á Íslandi? Fólk kann að taka undir það að náskyldar lífverur eins og mannapar eða skýrt afmarkaðar vist-, líffræði- og menningarlegar heildir eins og ár kunni að hafa aukin réttindi frá því sem áður var. En hvað á hinn íslenski melur sameiginlegt með þessum fyrirbærum? Allir náttúruverndarsinnar á Íslandi þekja viðbrögð fólks sem gefur í skyn að þetta sé nú bara urð og grjót sem verið sé að vernda og ekki sérstaklega skemmtilegt svæði til útveru og tómsunda. Það er ekki eins og verið sé að aka á dýr eða skemma menningarverðmæti þótt aðeins sé skrensað utan vegar.




Lakagígar. Ljósmynd: Kristján Ingi Einarsson



Einfalda svarið við þessum vangaveltum um sérstöðu íslenskrar náttúru er að þetta sé vandasamt og flókið viðfangsefni sem við erum rétt örlítið byrjuð að fást við. Svar verður ekki til fyrr en við höfum átt í samræðu um þessa hluti næstu árin. Það er í raun þá fyrst sem mér finnst við geta almennilega svarað nemendum mínum sem veltu fyrir sér hvað sé svo rangt við utanvegaakstur. Það eru til ákveðnar náttúrulegar heildir. Þær eru margs konar (sem meðal annars útskýrir hvers vegna náttúran er svo stórkostleg) og það er sú fjölbreytni sem á að hvetja okkur til dáða til að ræða verndun þeirra í ljósi þeirrar sérstöku heildar sem hver þeirra er.

Auðvitað munum við alltaf valda skemmdum á umhverfi okkar og þörfin á að nýta náttúruna verður ávallt til staðar. Hið heimspekilega viðfangsefni hvernig við gerum það á ásættanlegan hátt er tvenns konar. Hið fyrra snertir sanngirni og lýðræði. Hver tekur ákvarðanir og á hvaða forsendum? Gerræðisleg hegðun gegn náttúrulegum heildum er ámælisverð, hvers eðlis sem fyrirbærin eru. Öll vegagerð með tilheyrandi námuvinnslu er dapurleg en stundum nauðsynleg og vel rökstudd framkvæmd. Ég get hins vegar ekki ímyndað mér gerræðislegri hegðun en að valda skemmdum á náttúrulegu fyrirbæri með því að aka af vegarstöðum til þess eins að skemmta sjálfum sér.

Seinna viðfangsefnið er örlítið frumspækilegra. Eyðilegging náttúru er slæm en hún er hálfu verri þegar hún byggist á algeru virðingarleysi. Dæmi um slíkt virðingarleysi eru til dæmis óheftar áætlanir yfirvalda eins og þær sem Andri Snær vakti okkur til vitundar um í Draumalandinu á sínum tíma. Sögulega séð hefur mannkynið leitast við að sýna virðingu fyrir náttúrulegum heildum með alls konar andlegum æfingum og athöfnum. Við munum almennt ekki taka upp borðbænir að nýju eða álíka síði sem minna okkur á að neysla krefst fórna. Verkefni næstu ára verður að finna út hvernig við getum sýnt fyrirbærum í umhverfi okkar djúpstæða virðingu með nýjum síðum sem eru meira í takt við samtíma okkar.



Við Langasjó. Ljósmynd: Snorri Baldursson



## FEE

Foundation for Environmental Education (FEE) eru alþjóðleg samtök sem stofnuð voru árið 1981. Félagasamtök í 77 löndum um allan heim eiga aðild að FEE. Markmið samtakanna er að stuðla að sjálfbærni í gegnum menntun. Landvernd gerðist aðili að samtökunum árið 2000 og starfrækir nú tvö af fimm menntaverkefnum FEE, verkefnið Skóla á grænni grein (Grænfánaverkefnið, e. Eco-Schools) frá 2001 og Ungt umhverfisfréttafólk (e. Young Reporters for the Environment) frá árinu 2019. Á árunum 2002 til 2018 starfrækti Landvernd einnig Bláfánann (e. Blueflag) og á árunum 2015 til 2017 Græna lykilinn (e. Green Key). Horfið var frá þeim verkefnum vegna skorts á fjármagni.




## Skólar á grænni grein – Grænfáninn

Skólar á grænni grein eru alþjóðlegt verkefni sem rekið er í 70 löndum og taka yfir 20 milljónir nemenda í um 59 þúsund skólum þátt. Í verkefninu er unnið eftir hugmyndafræði sjálfbærnimenntunar og hefur því verið lýst af Sameinuðu þjóðunum sem helsta innleiðingartæki sjálfbærnimenntunar í heiminum í dag. Í sjálfbærnimenntun er valdefling nemenda í umhverfismálum lykilþáttur. Nemendur eru þungamiðja umhverfisstarfsins í skólum, þeir mynda umhverfisnefnd, meta stöðu umhverfismála, setja skólanum markmið og vinna að þeim. Þeir finna jafnframt leiðir til að upplýsa allt skólasamfélagið um að hverju sé stefnt í umhverfismálum. Á tveggja ára fresti er sótt um grænfánaviðurkenninguna til Landverndar og fá skólar sem hana hljóta að flagga grænfánaum til tveggja ára.

Lögð er rík áhersla á tengsl verkefnisins við aðalnámskrár leik-, grunn- og framhaldsskóla, grunnþætti menntunar sem þar eru skilgreindir og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Íslensk stjórnvöld hafa skuldbundið sig til að uppfylla alþjóðlega samninga líkt og Heimsmarkmiðin, Parísarsamkomulagið og fleiri. Með þátttöku í verkefninu geta skólar því uppfyllt hluta af skuldbindingum Íslands í alþjóðlegu samhengi.

### Um 40% skóla á landinu með í verkefninu

Í lok árs 2019 voru 184 skólar á yfir 200 starfsstöðvum með í verkefninu hér á landi, þar af voru 77 leikskólar, 80 grunnskólar,



Dökkar súlur sýna fjölda skóla sem skráðir eru í verkefnið Skólar á grænni grein og ljósur súlur sýna fjölda skóla sem ekki eru með í verkefninu



Heimsmarkmið 4.7: „Eigi síðar en árið 2030 verði tryggt að allir nemendur öðlist nauðsynlega þekkingu og færni til þess að ýta undir sjálfbæra þróun, meðal annars með menntun sem er ætlað að efla sjálfbæra þróun og sjálfbæran lífsstíl”. – Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi, sótt á: [www.un.is/heimsmarkmidin/menntun](http://www.un.is/heimsmarkmidin/menntun)



Tófan er lukkudýr Skóla á grænni grein á Íslandi. Teiknari: Ari Hlynur Guðmundsson Yates

17 framhaldsskólar, tveir háskólar og átta annars konar stofnanir (vinnuskólar, félagsmiðstöðvar o.fl.). Af heildarfjölda skóla á landinu eru um 40% með í verkefninu. Af þátttökuskólum í verkefninu voru 120 skólar með viðurkenninguna grænfánann.

### Markmið Skóla á grænni grein 2019–2021

Styrktarsamningur við umhverfis- og auðlindaráðuneytið og mennta- og menningarmálaráðuneytið var undirritaður í byrjun ársins 2019. Samningurinn byggir á aðgerðaráætlun fyrir árin 2019–2021. Í aðgerðaráætluninni eru fjögur yfirmarkmið og undir hverju markmiði eru skilgreindar 6–10 aðgerðir til að ná markmiðinu.

#### Markmið aðgerðaráætlunarinnar eru eftirfarandi.

**Markmið 1:** Að veita þátttökuskólum fagþjónustu vegna Skóla á grænni grein, miðla upplýsingum og þekkingu.

**Markmið 2:** Að fjölga skólum á grænni grein með sérstakri áherslu á framhaldsskóla. Samhliða verði stuðningur við skóla aukinn.

**Markmið 3:** Að efla og dýpka sjálfbærnimenntun í þátttökuskólum með sérstaka áherslu á Heimsmarkmið SP og grunnþætti menntunar í aðalnámskrá leik-, grunn- og framhaldsskóla.

**Markmið 4:** Að auka hæfni og getu kennara, nemenda og alls skólasamfélagsins til að takast á við alþjóðleg og aðkallandi umhverfismál með sérstakri áherslu á loftslagsbreytingar.

### Ráðstefna Skóla á grænni grein: Við getum öll haft áhrif

Ráðstefnan fór fram í Verzlunarskóla Íslands þann 7. febrúar 2020. Sérstök áhersla var lögð á loftslagsbreytingar og valdeflingu nemenda. Um 180 manns mættu á ráðstefnuna. Á ráðstefnunni fengu þrjú skólar sérstaka viðurkenningu fyrir vel unnin störf í verkefninu um árabíl. Þetta voru leikskólarnir Norðurberg í Hafnarfirði, Álfheimar á



Fulltrúar frá leikskólunum Norðurbergi í Hafnarfirði, Álfheimum á Selfossi og Andabæ á Hvanneyri taka við viðurkenningum úr hendi Guðmundar Inga Guðbrandssonar, umhverfis- og auðlindaráðherra á ráðstefnu Skóla á grænni grein Við getum öll haft áhrif.

Selfossi og Andabær á Hvanneyri. Til stóð að veita Jóni Stefánssyni, kennara í Hvolsskóla, heiðursviðurkenningu fyrir vel unnin störf í verkefninu. Þar sem Jón var vant við látinn á ráðstefnunni fékk hann viðurkenninguna afhenta á grænfánaafhendingu í Hvolsskóla skömmu síðar. Ráðstefnunni eru gerð frekari skil undir liðnum Viðburðir síðar í ársskýrslunni.

### Ný vefsíða

Ný vefsíða var opnuð formlega á ráðstefnunni *Við getum öll haft áhrif*. Vefsíðan er töluvert aðgengilegri og notendavænni en sú eldri. Nýju vefsíðuna er að finna á slóðinni [graenfaninn.is](http://graenfaninn.is).

### Háskóli Íslands flaggar grænfánum

Háskóli Íslands fékk grænfánann afhentan í fyrsta sinn þann 6. mars 2020 en skólinn hóf þátttöku í verkefninu í byrjun árs 2019. Fulltrúar í umhverfisnefnd Stúdentaráðs Háskóla Íslands mynduðu umhverfisnefndina en þeim til halds og trausts var Þorbjörg Sandra Bakke, verkefnisstjóri sjálfbærni- og umhverfismála við skólann. Skólinn er þar með kominn í hóp 125 háskóla um allan heim sem eru með í verkefninu og meðal 44 háskóla sem hafa fengið grænfánaviðurkenninguna afhenta. Markmið skólans voru meðal annars að auka fræðslu um umhverfismál, gera mótuneyti Háskólans loftslagsvænna með auknu framboði á grænkerafæði og minnka umhverfisáhrif samgangna. Umhverfismálin fengu einnig aukið vægi á net- og samfélagsmiðlum Háskólans og voru haldnir viðburðir sem tengjast málefnum.



Aðalbjörg Egilsdóttir, forseti umhverfis- og samgöngunefndar dregur fánann að húni ásamt Þorbjörgu Söndru Bakke, verkefnisstjóra sjálfbærni- og umhverfismála hjá Háskóla Íslands og Guðbjörgu Lindu Rafnisdóttur, aðstoðarættor.

Katrín Magnúsdóttir er verkefnisstjóri Skóla á grænni grein. Margrét Hugadóttir og Sigurlaug Arnardóttir, grunnskólakennarar, starfa sem sérfræðingar við verkefnið. Vigdís Fríða Þorvaldsdóttir var ráðin til starfa vorið 2019 og sinnir hún alfarið verkefninu Ungt umhverfisfréttafólk sem er systurverkefni Skóla á grænni grein og rekið sem hluti af því verkefni.

Jóhanna Höskuldsdóttir, grunnskólakennari, lét af störfum við verkefnið í júní 2019 en hún hafði starfað við verkefnið í tæpt ár. Caitlin Wilson, umhverfis- og kennslufræðingur og sérfræðingur við verkefnið, lét einnig af störfum sumarið 2019.



## Ungt umhverfisfréttafólk: Lausn við loftslagskvíða og falsfréttum

Loftslagskvíði hefur verið mikið í umræðunni síðastliðið ár og var ein af ástæðunum fyrir því að Landvernd ákvað að taka upp verkefnið Ungt umhverfisfréttafólk (e. Young Reporters for the Environment) á árinu 2019. Verkefnið er eitt af menntaverkefnum FEE, það er rekið í 45 löndum víðsvegar um heiminn og taka 360 þúsund nemendur þátt. Landvernd hlaut styrk frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu og umhverfis- og auðlindaráðuneytinu til að hefja verkefnið innan aðgerðaráætlunar Skóla á grænni grein.

Markmið verkefnisins er að vera valdeflandi vettvangur fyrir ungt fólk til að kynna sér umhverfismál með gagnrýnum hætti og miðla upplýsingum til almennings með fjölbreyttum leiðum t.d. sem myndband, hlaðvarp, blaðagrein eða teiknimyndasaga. Árlega er haldin keppni á milli nemenda þar sem dómnefnd velur þrjú bestu verkefni. Auk þess eru nokkur verkefni send út í alþjóðlega keppni.

Verkefnið stuðlar að valdeflingu nemenda með því að gefa þeim tól og tækifæri til að hafa áhrif á eigið umhverfi og samfélag. Verkefnið veitir skólum jafnframt tækifæri til þess að gefa umhverfismálunum aukið vægi í kennslu. Nemendur hafa mikið frelsi til sköpunar í verkefninu og er unnið með styrkleika hvers og eins. Þeir fá faglega aðstoð kennara við að kynna sér umhverfismálin og er mikil áhersla lögð á að heimildir séu áreiðanlegar en slíkt er nauðsynlegt á tímum falsfrétta.

Mikil áhersla er lögð á aðkomu ungmenna í verkefninu. Í stýrihóp verkefnisins sitja m.a. aðilar frá Ungum umhverfissinum, Landssamtökum íslenskra stúdenta og Sambandi íslenskra framhaldsskólanema. Ungmennasamtökin veita auk þess sérstök verðlaun ári hverju, fyrir það verkefni sem höfðar best til ungmenna hverju sinni.

Fimm framhaldsskólar tóku þátt í prufukeyrslu verkefnisins á haustönn 2019. Verkefnastjóri hélt 30 kynningar um verkefnið, ýmist fyrir kennara, nemendur eða aðra hagsmunaaðila. Verkefnið vakti strax mikinn áhuga skóla og á vorönn 2020 eru átta framhaldsskólar skráðir í verkefnið. Fimm framhaldsskólar til viðbótar hafa lýst yfir áhuga sínum. Landvernd stefnir að því að reka verkefnið í framhaldsskólum, á unglíngastigi grunnskóla og háskólastigi þegar fram líða stundir.

Umsjón með verkefninu hefur Vigdís Fríða Þorvaldsdóttir, félagsfræðingur og nemi í opinberri stjórnsýslu með áherslu á fjölmiðlun.




## Vistheimt með skólum

Verkefnið Vistheimt með skólum er langtímaverkefni Landverndar sem unnið er í samstarfi við Landgræðsluna og Hekluskóga. Áhersla er lögð á þátttöku nemenda í rannsóknum og vistheimtaraðgerðum og er verkefnið liður í að efla þekkingu og getu grænánaskóla til að takast á við flóknari umhverfismál eins og loftslagshamfarir og tap á lífbreytileika. Níu grænánaskólar eru þátttakendur í verkefninu, sjö grunnskólar og þrjár framhaldsskólar. Verkefnin eru fjölbreytt, gerðar eru tilraunir, mælingar og vistheimt á bæði gróðurshvæfnum landi og í endurheimtu votlendi.

### Þelamerkurskóli skipuleggur vistheimtaraðgerðir á námusvæði

Sem hluti af verkefninu vinna nemendur Þelamerkurskóla að undirbúningi á uppgræðslu námu á vegum Norðurorku í nágrenni skólans sem hefur verið opin og ófrágengin um árabíl. Umhverfisnefnd skólans sendi sveitarstjórn Hörgársveitar erindi þar sem óskað var eftir aðstoð sveitarfélagsins við að laga og snyrta svæðið. Á fundi sveitarstjórnar var samþykkt að fela sveitarstjóra og forstöðumanni þjónustumiðstöðvar að vinna að lagfæringu á svæðinu í samstarfi við nemendur. Uppgræðslan í námunni er tvíþætt, annars vegar að finna svæði fyrir gróðurtilraun og hins vegar að búa til útivistarsvæði fyrir nemendur. Starfsfólk og nemendur skólans eru afar spennt fyrir þessu verkefni og var sett af stað hugmyndasamkeppni meðal nemenda skólans um hönnun á útivistarsvæðinu og voru vegleg verðlaun í boði fyrir bestu útfærsluna. Stefnt er að því að setja niður tilraun og hefja vistheimtaraðgerðir á svæðinu vorið 2020.



Vinningshafar og tillaga þeirra að uppgræðslu námunnar við Þelamerkurskóla.

### Námsefni um vistheimt

Unnið er að gerð námsefnis fyrir unglingastig grunnskóla og framhaldsskóla um vistheimt og vistfræði með styrk frá Sprotasjóði og Þróunarsjóði námsgagna sem verður gefið út í samstarfi við Menntamálastofnun.

Rannveig Magnúsdóttir er verkefnisstjóri verkefnisins Vistheimt með skólum.



## Hob's Adventure: Námsefni um lífbreytileika fyrir leikskóla og yngsta stig grunnskóla

Á árinu var unnið áfram að verkefninu Hob's Adventure sem er samstarfsverkefni grænánaskóla í Slóveníu, Eistlandi, Lettlandi og á Íslandi. Verkefnið hófst árið 2018 og taka ellefu leik- og grunnskólar frá Íslandi þátt í verkefninu auk Landverndar. Farið hefur verið í heimsóknir til allra þátttökulandanna þar sem fjölbreyttir og áhugaverðir grænánaskólar voru skoðaðir auk útsvæða sem notuð eru til kennslu. Einnig var unnið hörðum höndum að handbók, en útgáfa hennar er lokamarkmið verkefnisins. Í handbókinni eru fjórutiú kennsluáætlanir sem tengjast lífbreytileika, ætlaðar 5-9 ára nemendum. Áherslan er á verklegar æfingar og ræktun í skólastofunni auk þess sem stafræn tækni er nýtt til þess að læra um lífbreytileika. Hver skóli lagði til eitt verkefni, sem var prufukeyrt og þróað, síðan voru öll verkefnin frá þátttökulöndunum fjórum sett saman í eina bók. Handbókin er tilbúin á ensku og er nú unnið að staðfærslu og þýðingu yfir á íslensku. Áætlað er að hún komi út á rafrænu formi haustið 2020.



Vinna við ræktunarverkefni í leikskólanum Skyjaborg

Umsjón með verkefninu hefur Sigurlaug Arnardóttir, sérfræðingur hjá Skólum á grænni grein.







Ungt fólk hefur krafist tafarlausa aðgerða í loftslagsmálum síðan í febrúar 2019. Ljósmyndari: Gunnlaugur Rögnvaldsson

## Sjálfbærni menntun: Valdefling og nemendalýðræði í umhverfismálum

Við höfum vald til að breyta okkur sjálfum og hafa áhrif á aðra. Við getum fundið lausnir og gripið til aðgerða. Valdefling nemenda hefur verið eitt af meginmarkmiðum Skóla á grænni grein á undanförunum árum.

Í verkefninu er lögð áhersla á virkni, þátttöku nemenda og lýðræði. Nemendur mynda mikilvægan hluta umhverfisnefndar á öllum skólastigum, þeir sjá um að meta stöðu umhverfismála og setja skólanum markmið til að bæta það sem þeim þykir brýnast. Þeir fylgja markmiðunum eftir með hjálp samnemenda og starfsmanna skólans og helst með þátttöku nærsamfélagsins. Auk þess fá allir nemendur skólans fræðslu um þau þemu eða markmið sem tekin eru fyrir hverju sinni. Nemendur eru þannig virkjaðir til áhrifa innan síns skóla og nærsamfélags og er lýðræðislegum aðferðum beitt til að sem flestir fái að koma að borðinu. Verkefni sem nemendur kljást við eru raunverulegar áskoranir sem tengjast umhverfi og samfélagi skólans og fá þeir tækifæri til að finna lausnir sem samræmast áherslum í sjálfbærni. Nemendur þurfa að setja sig í spor annarra og komast að sameiginlegri niðurstöðu. Þannig geta komið upp ólík sjónarmið og öðlast nemendur reynslu í málamiðlun.



Greta Thunberg leiðir loftslagsverkfall í Montréal í Kanada. Ljósmyndari: Pascal Bernardon

Með þessum hætti er nemendum kennt að þeir geti beitt áhrifum sínum til að stuðla að breytingum í sínu nærumhverfi. Að fást við álitamál, komast að sameiginlegri niðurstöðu auk aðgerðamiðaðrar nálgunar í kennslu er mikilvægur hluti sjálfbærni menntunnar og fellur einnig undir kennslufræði getu til aðgerða.

Mikilvægt er að sjálfbærni, lýðræði, mannréttindi, jafnrétti og virðing fyrir umhverfinu séu alltaf höfð að leiðarljósi í vinnu við verkefnið. Vegna þeirra áskorana sem komandi kynslóðir standa frammi fyrir er mikilvægt að tileinka sér snemma slík vinnubrögð og öðlast kjark, færni, getu og þor til að hafa áhrif.

Valdefling nemenda hefur aukist í samfélaginu og má sjá að börn og unglingar láta til sín taka í umræðu um umhverfismál. Þetta hefur ekki síst átt sér stað í kjölfar þeirrar bylgu sem Greta Thunberg hratt af stað þegar hún hóf verkföll sín vegna aðgerðaleyfis stjórnmála í loftslagsmálum.

### Nýtt námsefni

Stöðugt er unnið að því að bæta aðgengi nemenda og kennara að námsefni sem styður við valdeflingu nemenda í umhverfismálum. Sem liður í því má nefna eftirfarandi verkefni og námsefni. Þeim þremur fyrst nefndu eru gerð frekari skil annars staðar í ársskýrslunni.

- Verkefnið Ungt umhverfisfréttafólk (e. Young Reporters for the Environment) sem var prufukeyrt veturinn 2019–2020. Í verkefninu miðla nemendur efni um umhverfismál að eigin vali. [landvernd.is/yr](http://landvernd.is/yr)

- Þemaverkefnið Hafðu áhrif! sem fylgir rafbókinni Hreint haf sem út kom árið 2019. Í verkefninu hafa nemendur raunveruleg áhrif, breyta einhverju í eigin fari, eða hafa áhrif á aðra svo að náttúran hljóti góðs af. [landvernd.is/hreinthaf-rafbok](http://landvernd.is/hreinthaf-rafbok)

- Rafbókin Saman gegn matarsóun kom út árið 2019 og hvetur nemendur til áhrifa í þá átt að minnka matarsóun. [landvernd.is/saman-gegn-matarsoun](http://landvernd.is/saman-gegn-matarsoun)

- Áfangi í umhverfisstjórnun fyrir nemendur á framhaldsskólastigi sem prufukeyrður var í Verzlunarskóla Íslands vorið 2019. Í áfanganum bera nemendur ábyrgð á framkvæmd grænfanaverkefnisins innan síns skóla í samstarfi við allt skólasamfélagið. [landvernd.is/graefaninn-sem-afangi-fyrir-framhaldsskolanemendur](http://landvernd.is/graefaninn-sem-afangi-fyrir-framhaldsskolanemendur)

## Virkjum grasrótina! Vertu með!

Á síðustu misserum hafa félagsmenn Landverndar sannarlega látið til sín taka. Tveir hópar grasrótarmeðlima hafa látið að sér kveða, hálendishópurinn og loftslagshópurinn. Hóparnir eru afrakstur stefnumótunarvinnu samtakanna sem unnin var í byrjun árs 2019 með félagsmönnum í Landvernd. Þar kom skýrt fram áhugi margra á að koma meira að starfi samtakanna og því báðir málefnaþóparnir stofnaðir í kjölfarið. Allir félagsmenn Landverndar eru velkomnir í hópana og ekki er gerð nein krafa um sérfræðiþekkingu eða vinnuframlag.

### Hálendishópur Landverndar

Í hálendishópnum koma saman félagar í Landvernd sem vilja hafa áhrif og deila sýn á óumdeilt mikilvægi víðerna Íslands. Starf hópsins felst í því að vekja athygli á hálendi Íslands og styðja við stofnun Hálendisþjóðgarðs.

Á fundum hálendishópsins er reglulega boðið upp á fyrirlestra og umræður að þeim loknum. Umræður á fundum snúa þá oft að viðfangsefni fyrirlestursins eða öðrum málefnum sem viðeigandi eru hverju sinni. Margir áhugaverðir fyrirlestrar hafa verið í boði á fundum hálendishópsins og hafa þeir verið af ýmsum toga. Anna Dóra Sæþórsdóttir, prófessor í ferðamálafræði við HÍ, flutti erindi um þölmörk ferðamanna í Landmannalaugum og var þar greint frá frumniðurstöðum rannsókna um viðfangsefnið sem unnar voru árin 2000, 2009 og 2019 og þær bornar saman. Sigurður Örn Guðleifsson, umhverfis- og lögfræðingur, flutti erindi um eigendastefnu forsætisráðuneytisins vegna þjóðlenda á Íslandi. Ingimundur Gíslason leitaði út fyrir landsteinana og fjallaði um tvo þjóðgarða í Bandaríkjunum í sínum fyrirlestri, Denali í Alaska og Yosemite í Kaliforníu. Ingimundur fjallaði einnig um þjóðgarða almennt í sögulegu og landfræðilegu samhengi.

Hópurinn hefur tekið virkan þátt í skipulagningu og undirbúningi viðburða á vegum Landverndar en þar má helst nefna vel heppnað málþing Landverndar, Eldvatna og Náttúruverndarsamtaka Suður-

lands um Hálendisþjóðgarð. Á málþinginu var lögð áhersla á opnar umræður um náttúruvernd á miðhálandinu og áherslur og sjónarmið í tengslum við Hálendisþjóðgarð. Málþingið var hið fyrsta af fjórum um málefnið en hópurinn mun taka þátt í skipulagningu seinni málþinga sem haldin verða á Norðurlandi og Austurlandi.

### Loftslagshópur Landverndar

Loftslagshópurinn er einn af fáum aðgerðarhópum í umhverfismálum á Íslandi sem hittist reglulega. Fundir eru haldnir í annarri hverri viku á skrifstofu Landverndar og er tíminn vel nýttur. Í hópnum koma saman félagar í Landvernd sem vilja hafa áhrif og grípa til aðgerða í loftslagsmálum. Hópurinn skipuleggur ýmsa viðburði og gjörninga í þágu umhverfisins. Á fundunum starfar hópurinn iðulega í smærri einingum eftir áhugasviði einstaklinga og ræða hóparnir ýmis mál t.d. fræðslumál, neyslu, viðburði, aðgerðir og grænt hagkerfi.

Á fundunum fer fram fræðsla um loftslagsmálefni líðandi stundar og aðgerðir ræddar sem grípa má til. Hópurinn hefur fengið örkynningar um votlendi, matarsóun, umhverfisbanka, kolefnisspor matar, Unga umhverfissinna og fleira. Það eru því mikil lærdómstækifæri fólgin í því að taka þátt.

Hópurinn hefur unnið að margvíslegum málefnum og gripið til fjölbreyttra aðgerða, meðal annars hefur hann:

- Skrifað og birt greinar um svífryk, nagladekk og bíllausan lífsstíl
- Vakið athygli á aðgerðarleysi stjórnvalda með mótmælum við Hörpu og á göngubrúum við Miklubraut
- Verið virkur stuðningsaðili loftslagsverkfalla á föstudögum
- Skipulagt gjörning til þess að vekja athygli á því að stjórnvöld eiga enn eftir að negla niður dagsetningu þar sem notkun jarðolíu verður með öllu hætt hér á landi. Gjörningurinn bar heitið „Jarðarför jarðolíunnar“. Síðar voru gerð myndbönd frá gjörningnum sem dreift var á samfélagsmiðlum. Gjörningurinn var hluti af myndasýningu í Háskóla Íslands og skrifuðu meðlimir hópsins greinar um málefnið.



Laufahraun á Fjallabaki syðra. Ljósmynd: Kristján Ingi Einarsson

Hópurinn vinnur nú ötullega að mikilvægum verkefnum sem liggja fyrir árið 2020. Meðal annars hefur hann hafið ítarlega rýni á uppfærðri aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum og er hún væntanleg síðar á árinu 2020.



Frá mótmælum loftslagshópsins gegn aðgerðarleysi stjórnvalda á göngubrúnni við Kringluna. Ljósmyndari: Anton Brink.



Frá Jarðaför jarðolíunnar þar sem síðasta olútunnan var kvödd fyrir framan olútankana á Granda 4. desember 2019. Skilum jarðefnaeldsneytinu aftur til jarðar! Af jörðu ertu komin, að jörðu skaltu aftur verða. Í jörðu skaltu að eilífu óáreitt hvíla.

## Viltu hafa áhrif með Landvernd?

Hér eru nokkrar leiðir:

- Vertu félagsmaður í samtökunum, hægt er að skrá sig á vef Landverndar [landvernd.is](http://landvernd.is)
- Taktu þátt í grasrótastarfinu og fundaðu með okkur reglulega
- Láttu okkur vita af þér, t.d. með því að senda okkur póst á [landvernd@landvernd.is](mailto:landvernd@landvernd.is), við gætum verið með rétta verkefnið fyrir þig
- Deildu efni frá okkur á samfélagsmiðlum
- Mættu á viðburði á okkar vegum, nánari upplýsingar á Facebook og vefnum
- Láttu aðra vita af starfsemi Landverndar og hvettu fólk í kringum þig til þess að taka þátt
- Styrktu samtökin í gegnum vefinn okkar, [landvernd.is/vefverslun](http://landvernd.is/vefverslun) þar er t.d. hægt að kaupa falleg gjafa- og minningarkort

Sameinum krafta okkar! Margt smátt gerir eitt stórt!




**LANDVERND**

## Nýr vefur Landverndar

Landvernd opnaði nýjan vef þann 30. janúar. Þar er að finna upplýsingar um helstu viðfangsefni samtakanna en þau eru náttúruvernd, loftslagsmál og sjálfbært samfélag. Auk þess er búið að bæta aðgengi að gagnasafni um umsagnir, ályktanir, kærur og dómsmál Landverndar. Einnig er auðvelt er að leita að efni á vefnum. Helsta nýjungin á vefnum er vefverslun Landverndar en þar er hægt að skrá sig í samtökin, styrkja þau og kaupa minningarkort og gjafabréf sem er snjöll leið til að gefa gjöf sem gefur og styðja náttúruvernd í leiðinni. Lesa má nánar um gjafabréfin á baksíðu ársskýrslunnar.

Um endurhönnun vefsins sáu Marianna Friðjónsdóttir og Margrét Hugadóttir auk dyggjar aðstoðar Veru Waage. Vefurinn er keyrður í Wordpress.



Nýr vefur Landverndar



## Alviðra í ljósi sögunnar

Auður Sveinsdóttir og Svanhildur Skaftadóttir

Þegar Magnús bóndi Jóhannesson gaf Landvernd og Árnæssýslu jarðir sínar Alviðru og Öndverðanes II árið 1973 var haft á orði að þetta væri verðmætasta gjöf sem gefin hefði verið á Íslandi. Á þessum tíma var mikil ásókn í lóðir undir sumarhúsi og vafalaust hefði verið hægt að stórgræða á sölu sumarhúsalóða á þessu svæði. Í gjafabréfi fyrir jörðunum var kveðið á um að eignina megi ekki skerða á neinn hátt heldur beri að varðveita hana samfellda og nýta með landgræðslu- og náttúruverndarsjónarmið fyrir augum. Með því að treysta hinum ungu landgræðslu- og náttúruverndarsamtökum Landvernd og Árnæssýslu fyrir þessum náttúruverndarlegum kom Magnús í veg fyrir að fjáraflamenn kæmu höndum yfir jarðirnar og bútuðu þær niður með tilheyrandi raski og braski.

Fyrstu árin var hefðbundinn búskapur áfram í Alviðru og fékk Magnús allan arð af jörðunum meðan hann lifði. Aðaltekjulindin var sala á veiðileyfum í Soginu en Alviðra er vestanmegin Sogsins en Öndverðanes austanmegin. Eftir lát Magnúsar árið 1981 var gerð skipulagsskrá fyrir eignirnar og þær gerðar að sjálfseignarstofnun undir heitinu Alviðra landgræðslu- og náttúruverndarstofnun. Stjórn stofnunarinnar skipuðu fulltrúi Landverndar og fulltrúi Árnæssýslu ásamt skógræktarstjóra ríkisins. Fljótlega varð að samkomulagi að Landvernd annaðist alla umsýslu með staðnum fyrir hönd eigendanna.

Árið 1984 samþykkti stjórn Alviðru að nýta jarðirnar til umhverfisfræðslu og setja þar upp náttúruskóla að norrænni fyrirmynd sem var í anda markmiða Landverndar um fræðslu. Þá var hafist handa við að gera heildarskipulag af jörðunum og ráðist í viðamiklar endurbætur á húsakosti svo hægt væri að taka á móti hópum til skemmri eða lengri dvalar. Fljótlega var svo komið upp veiðihúsi, sem áformað var að nýta til fræðslustarfsins utan veiðitímabilsins. Landvernd tók að sér að sjá um uppbyggingu fræðslunnar enda var það í anda markmiða samtakanna, en á þessum árum var fræðsla og kynningarstarf mikilvægur þáttur í starfi Landverndar. Um það vitna fjölmargar ráðstefnur og kynningarfundir, fjölbreytt útgáfa og oft voru farnar ótroðnar slóðir og nýstárlegar við að þróa fræðslustarfið. Í Alviðru opnaðist gullíð tækifæri til styrkja fræðsluna enda náttúrufar jarðanna einkar fjölbreytt og hentaði vel til útivistar og til að fá börn og fullorðna til að nema þar og njóta.

Á þessum allra fyrstu árum starfsins voru ýmsar hindranir sem þurfti að glíma við og leysa. Talsverður ágangur búfjár var inn á gróðurssæl svæði jarðanna, þannig að girða þurfti landið - sem ekki var auðvelt því fara þurfti með girðingarefni alla leið uppá Ingólfsfjall. Íðulega þurfti að smala landið og lagfæra girðingar. Það þurfti að koma böndum á malartekju í landi Alviðru og urðu um það talsverð átök sem m.a. leituðu inn á borð Náttúruverndarráðs og samgönguráðherra. En þrátt fyrir samkomulag um ákveðið magn og frágang tókst illa að



framfylgja því eins og sjá má enn þann dag í dag. Á tímabili hafði Golfklúbbur Selfoss aðstöðu bæði í húsi og á túnnum Alviðru en það þótti illa samræmast náttúruskoðun og fræðslu þar sem m.a. börn voru á ferðinni og það þurfti talsvert átak til að breyta þeirri notkun.

Tekjur til framkvæmda í Alviðru komu fyrst og fremst af sölu á veiðileyfum í Soginu. Eftir á að hyggja er það hreint með ólíkindum hversu miklu var hægt að koma í verk á þessum árum. Þar munaði um öflugt starf sjálfbodaliða sem voru boðnir og búnir að taka þátt í að gera þau litlu og stóru kraftaverk sem þarna voru unnin. Stærstan hlutur átti starfsfólk Landverndar, stjórnarfolk og fjölskyldur þeirra. Verkefni voru mörg bæði skritin og skemmtileg svo sem smölan, girðingarvinna, gróðursetningar, málningarvinna úti og inni, smíðar, gardínusamur, tiltektir o.fl. Aðkeypt vinna var einkum frá fólki úr héraði.

Fyrsti hópurinn kom í umhverfisfræðslusetrið í ágúst 1985. Fyrstu fimm árin voru gistinætur um 7000 eða 1350 á ári. Aðsóknin fór vaxandi árin á eftir og komst fjöldi nemenda í um 2500 á ári þegar mest var.

Því er ekki að leyna að við sem tókum þátt í uppbyggingu fræðslusetursins í Alviðru fyrstu árin áttum okkar framtíðarsýn um vöxt og viðgang staðarins. Við sáum fyrir okkur að þarna myndi umhverfisvernd, fræðsla og menningarstarf haldast í hendur og laða börn og fullorðna til þátttöku í því fjölbreytta starfi og skemmtun sem þarna yrði um hönd höfð. Fræðsla, ráðstefnur og menningarviðburðir svo sem tónleikar og listsýningar, úti og inni, leiksýningar innandyra og útileikhúsi blandað saman við allskonar námskeið m.a. um nýtingu á gjöfum náttúrunnar í nærumhverfinu, lífræna ræktun o.fl. Húsnæðið á staðnum væri að sjálfsögðu byggt úr umhverfisvænu byggingarefni og orkugjafarnir væru sól og vindur.

Á þessum árum höfðum við óbilandi trú á að efla þyrfti fræðslu og styrkja tengsl við landið, byggja upp væntumþykju svo hægt væri að skilja mikilvægi umhverfis- og náttúruverndar. Til þess var gjöf Magnúsar bónda Jóhannessonar ómetanleg.

Spurning okkar í dag er því: Hvað varð um umhverfisfræðsluna í Alviðru?

**Oft hefur verið þörf en nú er nauðsyn!**

*Yfirlitsmynd af Alviðru. Ljósmyndari: Gautur Gunnarsson  
Smærri myndir: Frá Alviðrudegi Landverndar árið 2013.*



# Birki á Íslandi

Jóhannes Bjarki Urbancic Tómasson

Ísland er frábrugðið nágrannalöndum sínum. Fjarlægð landsins frá meginlöndum hefur gert það að verkum að tiltölulega fáar tegundir plantna og dýra hafa borist hingað. Meðal þeirra plantna sem fundu sér leið yfir hafið til Íslands er birki. Allir þeir skógar sem vaxið hafa upp á Íslandi frá lokum síðustu ísaldar hafa því verið birkiskógar því birki er eina skógmyndandi tegundin í íslensku flórunni. Hér finnast þó fleiri tré og runnar eins og gulvíðir, blæösp og reynir en þær tegundir er algengt að finna innan um birkið.

Birkið á Íslandi einkennist af nokkuð sérkennilegu vaxtarlagi. Þótt það geti vaxið þráðbeint upp í loftið getur það allt eins vaxið meðfram jörðinni og verður gjarnan hlykkjótt eða bugðótt. Algengt er að sjá birkitré sem virðast aldrei almennilega hafa ákveðið sig í hvaða átt þau ættu að vaxa næst. Þau tré köllum við í daglegu tali kræklubirki. Ekki eru allir á sama máli um hvers vegna birkið hér á landi hefur þetta furðulega vaxtarlag. Tré eyða mikilli orku í að verða hávaxin og bein svo þau geti með sem bestum hætti keppt við nágranna sína um ljós. Það virðist því vera nokkuð öfugsnúin þróun fyrir trjátegund sem hefur eytt milljónum ára í að þróa með sér beint og hátt vaxtarlag að fara nú að vaxa í hlykkjum og kræklum. Sumir halda því fram að ástæðan fyrir vaxtarlaginu sé erfðablöndun við hinn náskylda fjalldrapa. Aðrir vilja meina að það sé veðráttunnar sök hvernig komið er fyrir birkinu.



Birki í hliðum Skaftafells. Ljósmyndari: Jóhannes Bjarki Urbancic Tómasson



Lirfa á birkirekli. Ljósmyndari: Jóhannes Bjarki Urbancic Tómasson

Hver svo sem ástæðan fyrir tilurð íslenska kræklubirkisins kann að vera er nokkuð ljóst að vaxtarformið er aðlögun birkisins að íslenskum aðstæðum. Á Íslandi hefur birkið nefnilega þurft að standast eldgos og öskufall, náttúruvávar sem ekki er sjálfsagt að tré geti staðið af sér. Birkiskógur vex nú upp undir Hekklurótum í þeim tilgangi að binda ösku sem kann að berast þaðan í næsta eldgosi. Þessu hlutverki geta lægri gróðursemfélög á Íslandi ekki sinnt þar sem öskufallið kæfir þau.

Sérstaða birkisins á Íslandi er hvorki bundin við útlit né erfðafræði. Birkiskógar eru fjölbreytt vistkerfi þar sem fjöldi lífvera lifir í samlífi hver við aðra. Þetta samlífi hefur fengið að þróast óareitt í mörg þúsund ár við staðbundnar aðstæður og margar samlífistegundir geta jafnvel ekki lifað án birkisins. Í samlífi við birki vaxa meira en hundrað tegundir sveppa, langflestar lítið eða ekkert rannsakaðar. Botngróðurplöntur í birkiskögum eru áberandi á valista íslenskra plantna og meirihluti þeirra fléttutegunda sem flokkaðar eru sem tegundir í bráðri útrýmingarhættu (e. Critically endangered) á Íslandi eru bundnar við stofna og greinar birkis.

Nú er aðeins brot eftir af þeim náttúrulegu birkiskögum sem prýddu Ísland áður fyrr. Með því að vernda og endurheimta birkiskóga er ekki aðeins verið að vernda einstaka íslenska birkið, heldur allar þær tegundir sem hafa þróast og lifað í samlífi við birkið. Verndun og endurheimt birkiskóga er brýn aðgerð til að vernda skógana sem vistkerfi og bjarga tegundum í útrýmingarhættu.

## Starfsfólk Landverndar 2019-2020



Auður Önnu Magnúsdóttir  
audur@landvernd.is



Dr. Rannveig Magnúsdóttir  
rannveig@landvernd.is



Katrín Magnúsdóttir  
katrin@landvernd.is



Margrét Hugadóttir  
margret@landvernd.is



Ellen Ágústa Björnsdóttir  
ellen@landvernd.is



Vigdís Friða Þorvaldsdóttir  
vigdis@landvernd.is



Sigurlaug Arnardóttir  
sigurlaug@landvernd.is



Kristján Geir Gunnarsson  
kristjan@landvernd.is



Heiður Agnes Björnsdóttir  
heidur@landvernd.is

## Mannabreytingar

**Vigdís Friða Þorvaldsdóttir** hóf störf hjá Landvernd 1. maí 2019 sem verkefnisstjóri Ungs umhverfisfréttafólks (e. Young Reporters for the Environment). Vigdís er félagsfræðingur að mennt og stundar meistaranám í opinberri stjórnsýslu með sérhæfingu á sviði fjölmiðlunar og boðskipta. Vigdís hefur mikla reynslu af störfum sem tengjast samfélagslegri þátttöku barna og ungmenna.

**Sigurlaug Arnardóttir** hóf störf hjá Landvernd 1. september 2019 sem sérfræðingur við Skóla á grænni grein. Sigurlaug er grunnskólakennari að mennt og hefur yfir 20 ára starfsreynslu sem samfélagsfræði- og tónmenntakennari. Síðustu ár hefur Sigurlaug kennt samfélagsfræði á unglíngastigi þar sem lögð var áhersla á umfjöllun um sjálfbærni, náttúruvernd og mannréttindi. Sigurlaug hefur auk þess lokið áttunda stigi í söng og meistaragráðu í hagnýtri menningarmiðlun.

**Kristján Geir Gunnarsson** hóf störf hjá Landvernd 12. september 2019 og er ráðinn sem sérfræðingur og viðburðastjóri hjá Landvernd. Kristján er viðskiptafræðingur að mennt og hefur einnig lokið meistaragráðu í mannauðsstjórnun. Ásamt því að stunda stangveiði yfir sumarmánuðina frá fjögurra ára aldri er helsta áhugamál Kristjáns almenn útvist og þá sérstaklega að ganga á fjöll.

**Heiður Agnes Björnsdóttir** tók við starfi samskiptastjóra Landverndar 1. apríl 2020. Heiður hefur lokið MBA gráðu. Heiður hefur starfað við ráðgjöf og markaðs- og þjónusturannsóknir en hún hefur einnig starfað árum saman við markaðsstjórn. Heiður er skógarbóndi og hefur haldið fjölda námskeiða um ræktun mat- og kryddjurta. Með starfi stundar Heiður meistaranám í ritlist.

**Sigríður Bylgja Sigurjónsdóttir**, mannvistfræðingur, lét af störfum árið 2019 en hún hafði þá starfað hjá Landvernd í fimm ár sem sérfræðingur, verkefna- og viðburðastjóri hjá samtökunum. Sigríði Bylgju eru færðar bestu þakkir fyrir vel unnin störf í þágu samtakanna.

**Hrefna Einarsdóttir**, viðskiptafræðingur, lét af störfum árið 2019 en hún hafði þá starfað hjá Landvernd í átta ár sem bókarí samtakanna. Hrefnu eru færðar bestu þakkir fyrir vel unnin störf í þágu samtakanna.

**Caitlin Wilson**, umhverfisfræðingur, lét af störfum árið 2019 en hún hafði þá starfað hjá Landvernd í fjögur ár sem sérfræðingur og verkefnastjóri hjá samtökunum. Caitlin eru færðar bestu þakkir fyrir vel unnin störf í þágu samtakanna.

**Jóhanna Höskuldsdóttir**, grunnskólakennari, lét af störfum í júní 2019 en hún hafði starfað við verkefnið Skólar á grænni grein í tæpt ár. Henni eru færðar bestu þakkir fyrir vel unnin störf í þágu samtakanna.

## Stjórn Landverndar 2019-2020



Tryggvi Felixson,  
stjórnarformaður



Þórhildur Fjóra Kristjánsdóttir,  
varaformaður



Páll Ásgeir Ásgeirsson,  
gjaldkeri



Áskell Þórisson,  
meðstjórnandi



Erla Bil Bjarnadóttir,  
meðstjórnandi



Jóhannes Bjarki Urbanic  
Tómasson, meðstjórnandi



Lovísa Ásbjörnsdóttir,  
meðstjórnandi



Margrét Auðunsdóttir,  
meðstjórnandi



Pétur Halldórsson,  
meðstjórnandi


Í stjórn Landverndar fyrir tímabilið 2019-2020 sat einnig Ingvar Jón Bates Gíslason sem meðstjórnandi. Mynd af Ingvari vantar hér að ofan.

### Enn stækkum við!

Félagsfólki í Landvernd fjölgar enn og var fjöldi þeirra sex þúsund þann 1. apríl 2020. Áhugi landsmanna á umhverfismálum fer vaxandi og fleiri vilja taka þátt í því að vernda umhverfið. Landvernd ætlar sér að stækka enn meira og stefnir að því að vera með öfluga sendiherra umhverfisins í öllum fermingarveislum landsins á næstu árum. Því fleiri sem við erum, því meiri slagkraftur!

### Við vekjum athygli!

Sýnileiki Landverndar í fjölmiðlum er mikill og í takt við aukinn áhuga á umhverfismálum. Á árinu 2019 fjölgaði umfjöllunum um samtökin um þriðjung og birtust 539 fréttir og greinar þar sem fjallað var um samtökin. Þar af voru 42 í sjónvarpi og útvarpi, 114 í prentmiðlum, 340 í netmiðlum og 43 á sérvefjum. Landvernd er áfram í 5. sæti yfir fjölda umfjallana um félagasamtök í fjölmiðlum og einungis vantaði fjórar umfjallanir til að Landvernd kæmist í 4. sæti.



Ritið sýnir fjölgun félagsmanna Landverndar frá árinu 2011 til 2019



Ritið sýnir fjölda skipta sem fjallað var um Landvernd í fjölmiðlum á síðustu árum

## Græn pólitík



Fjara og birkihlíð í Teigsskógi

### Okkar umhverfi – okkar ákvarðanir

Landvernd stendur vörð um lýðræðislega stjórnarhætti þegar kemur að umhverfismálum. Í lögum samtakanna segir að markmið þeirra sé „sjálfbær umgengni þjóðarinnar heima við og á hnattræna vísu“ Markmið Árósasamningsins er einnig hið sama: að tryggja sjálfbæra þróun til framtíðar. Það verður ekki gert nema með lýðræðislegum ákvörðunum þar sem valdi er dreift og réttur almennings til að taka ákvarðanir um umhverfi sitt og náttúru er tryggður. Í stefnu samtakanna sem samþykkt var á aðalfundi 2019 er gildi grænnar pólitíkur, lobbýisma í þágu umhverfisins, mikið og er hún ein af okkar öflugustu aðferðum til að vernda umhverfi okkar og framtíðarkynslóða.

### Kvartanir til alþjóðlegra eftirlitsaðila enn til meðferðar

Á starfsárinu var tveimur kvörtunum frá síðasta starfsári til ESA og eftirlitsnefndar Árósasamningsins fylgt eftir vegna framgöngu Alþingis og sjávarútvegsráðherra í kjölfar úrskurðar úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í málum tveggja laxeldisfyrirtækja. Alþingi breytti lögum í kjölfar úrskurðanna og gerði með því úrskurðina að engu. Nánari umfjöllun um málin má finna í síðustu ársskýrslu Landverndar á bls. 12 og 16.

### Tvö framkvæmdaleyfi kærð

Framkvæmdaleyfi vegna fyrsta áfanga Hvalárvirkjunar og veglagningar um Teigsskóg voru kærð á starfsárinu. Landvernd hefur um árabíl látið sig þessi tvö mál varða, allt frá því að hugmyndir um framkvæmdir á svæðunum komu fram. Í síðustu ársskýrslu Landverndar var fjallað um Teigsskóg (bls. 24 og 25) og í þessari ársskýrslu er fjallað um áhrif Hvalárvirkjunar á menningu og náttúru í Árneshreppi (sjá bls. 24 og 25).

Með veitingu framkvæmdaleyfa hafa sveitastjórnir Árneshrepps annars vegar og Reykhólahrepps hins vegar brotið gegn náttúruverndarlögum þar sem ekki hefur verið sýnt fram á brýna nauðsyn framkvæmdanna fyrir almannahag. Ljóst er að náttúruminjar og svæði sem njóta lagalegrar verndar verða eyðilögð eða þeim raskað verulega. Þá eru önnur lög einnig brotin við útgáfu framkvæmdaleyfanna eins og lög um mat á umhverfisáhrifum og skipulagslög sem og sérlög um vernd Breiðafjarðar í tilviki Reykhólahrepps. Nauðsynlegt er að fá úr því skorið fyrir úrskurðarnefndinni hversu vítt er hægt að túlka þá „brýnu nauðsyn“ sem þarf að vera til staðar til þess að brjóta lög in þann hátt sem þessar tvær framkvæmdir gera.

### Þátttaka í ákvörðunum um umhverfismál og réttlát málsmeðferð

Árósasamningurinn hefur verið í gildi síðan 2011. Hann veitir umhverfisverndarsamtökum rétt til aðgangs að upplýsingum og þátttöku í stefnumótun og ákvarðanatöku. Þá tryggir samningurinn rétt slíkra samtaka til að véfengja leyfi fyrir framkvæmdum sem hafa mikil áhrif á umhverfið. EES samningurinn veitir sama rétt og eru íslensk yfirvöld því bundin af tveimur fjölþjóðlegum samningum að þessu leyti. Kæruréttur gildir ekki aðeins um leyfi, heldur einnig um athafnir og athafnaleysi stjórnvalda og loks á, samkvæmt Árósasamningnum, að vera unnt að kæra bæði athafnir og athafnaleysi einkaaðila sem brjóta gegn lögum sem varða umhverfið.



## Umsagnir

Eins og mörg undanfarin ár sendi Landvernd frá sér fjölmargar umsagnir á starfsárinu um margvísleg lagafrumvörp, þingsályktunartillögur, skipulagstillögur, mat á umhverfisáhrifum o.fl. Málaflokkarnir eru margir s.s. náttúruverndarsvæði og stjórnun þeirra, loftslagsmál og skipulagsmál og flutningur rafmagns. Drög að lagafrumvarpi um þjóðgarð á miðhálandi Íslands hafa verið lögð fram eftir að skýrsla starfshóps um málið kom út. Hópurinn birti reglulega textadrög um vinnu sína sem Landvernd gerði umsagnir við, samtals sex umsagnir vegna þjóðgarðs á hálandi Íslands. Þjóðgarður á hálandi Íslands væri mikið framfaraskref fyrir land og þjóð.

Landvernd sendi frá sér umsagnir um væntanlega þjóðgarðastofnun sem væri annað stórt framfaraskref fyrir íslenska náttúruvernd en gerði athugasemdir við uppsetningu og stjórnun hennar, að frumvarpið væri ekki skrifað út frá náttúruverndarlögum og við heimildir í frumvarpinu til framkvæmda á friðlýstum svæðum sem ekki þjóna markmiðum friðlýsingarinnar.

Hér á eftir má sjá lista yfir þær umsagnir sem Landvernd sendi frá sér á starfsárinu flokkaðar eftir málefnum skilgreindum í stefnu Landverndar (sjá bls. 22). Tölur innan sviga sýna hversu margar umsagnir voru sendar um hvert mál.

### Náttúruvernd:

- Friðlýsing Goðafoss (2)
- Friðlýsing Búrfellsgjár (2)
- Friðlýsing Dranga
- Drög að frumvarpi um þjóðgarðastofnun (2)
- Drög að frumvarpi um Hálandisþjóðgarð (2)
- Textadrög nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu (4)
- Landsáætlun í skógrækt
- Þjóðaráttak í landgræðslu
- Breyting á náttúruverndarlögum – óbyggð víðerni
- Gæðastýring í sauðfjárrækt – starfshópur skoðar landnýtingarþátt
- Suðurnesjalína 2 – frummatsskýrsla
- Kerfisáætlun Landsnets 2019-2028
- Hagavatnsvirkjun – matsáætlun
- Aðalskipulagsbreyting Árneshrepps – skipulags- og matslýsing vegna Hvalárvirkjunar
- Aðalskipulagsbreyting Reykhólahrepps – vegna Vestfjarðavegar



### Loftslagsmál:

- Frysting olíuleitar
- Bann við pálmaolíu
- Breytingar á lögum um loftslagsmál
- Grænn samfélagssáttmáli
- Bann við fjárfestingum í jarðefnaeldsneytisvinnslu
- Græn utanríkisstefna
- Breytingar á lögum um loftslagsráð



Burkni

## Sjálfbært samfélag

- Áform um innviðauppbýggingu í kjölfar fárviðris
- Starfshópur um málefni hafsins
- Samgönguáætlun (2)
- Nýja stjórnarskráin
- Stjórnarskrárákvæði um auðlindir
- Stjórnarskrárákvæði um náttúruvernd
- Kæruheimildir umhverfisverndarsamtaka
- Breyting á lögum um úrskurðanefnd umhverfis- og auðlindamála
- Innleiðing EES samnings vegna mats á umhverfisáhrifum
- Breytingar á lögum um mat á umhverfisáhrifum
- Reglugerð um fiskeldi
- Smávirkjanir – lagaumhverfi
- Breytingar á lögum um hollustuvernd og mengunarvarnir
- Aðalskipulag Hrunamannahrepps
- Aðalskipulag Bláskógabyggðar
- Drög að frumvarpi til innleiðingar á tilskipun ESB um mat á umhverfisáhrifum
- Heildarendurskoðun laga um mat á umhverfisáhrifum
- Drög að aðgerðaráætlun vegna Árósasamningsins



## Önnur erindi

Samtökin héldu á starfsárinu áfram að senda stjórnvöldum ábendingar, fyrirspurnir og önnur erindi. Þar á meðal voru ábendingar til Ríkisendurskoðunar um gæðastýringu í sauðfjárrækt, til forsætisráðherra um aðgerðir í loftslagsmálum og önnur um raforkuöryggi, til forsætisráðuneytisins um malarnámur við Bolaöldu og til borgarstjóra Reykjavíkur um skipulag í Elliðaárdal svo nokkur dæmi séu nefnd.

## Árósasamningurinn og samstarf

Landvernd nýtir kæruréttinn sem samtökunum er tryggður með Árósasamningnum og EES samningnum með það að markmiði að styrkja umhverfis- og náttúruvernd í landinu. Það hafa samtökin gert undanfarir í auknu mæli í samstarfi við umhverfisverndarsamtök í héraði. Með því móti nýtur Landvernd góðs af þekkingu heimamanna auk þess að styðja við samtök þeirra og veitir stjórnvöldum um leið öflugra aðhald en ella. Ekki leikur vafi á því að úrlausnir úrskurðarnefnda og æðra settra stjórnvalda leiðbeina hinum lægri stjórnvöldum um ákvarðanatöku í framtíðinni og hafa þannig jákvæð og stefnumarkandi áhrif til lengri tíma. Óhóflega langur málsmeðferðartími hamlar þó mjög virkni kæruréttarins en hann hefur styst verulega og er það mjög vel.

## Grípum tækifærið til að byggja upp loftslagsvænni ferðaþjónustu

Í janúar sl. bárust fréttir af alvarlegum veirufaraldi. Þremur mánuðum síðar hafa því næst öll ríki heims brugðist við með umtalsverðum og oft fordæmalausum aðgerðum, bæði til að hefta útbreiðslu Covid-19 og hjálpa þeim sem veikast standa, en einnig til að taka á þeim efnahagsvanda sem fylgir.

Þetta ástand sem nú ríkir með afboðunum, lokunum, frestunum og flugsamgöngum í algjöru lágmarki hefur gríðarlega mikil neikvæð áhrif á ferðaþjónustu á Íslandi. Þetta er afar erfiður tími fyrir marga.

Allir eru sammála um að þetta sé tímabundið ástand og að Ísland verði aftur að áhugaverðum áfangastað fyrir ferðamenn. Ísland er vinsæll ferðamannastaður mikið til vegna fjölbreyttrar og óspilltrar náttúru sem varla á sér hliðstæðu annarstaðar og það mun standast tímans tönn ef okkur lukkast að standa vörð um hana.

Hvernig ætlum við að byggja ferðaþjónustu upp aftur og búa í haginn fyrir framtíðina? Getum við nýtt þennan „biðtíma“ vegna Covid-19 í að undirbúa uppbyggingu á loftslagsvænni þjónustu? Losun gróðurhúsategunda vegna ferðamanna ræðst fyrst og fremst af því hvernig þeir ferðast á milli staða. Bæði til landsins og um landið. Ísland er með afar gott aðgengi að vistvænum orkugjöfum og því kjöraðstæður til að bjóða upp á loftslagsvænnar lausnir í samgöngum.

Loftslagshópur Landverndar hefur mikið velt þessum málum fyrir sér. Hann leggur áherslu á að það sé unnið að lausnum sem auka valmöguleika ferðamanna sem vilja koma til Íslands. Það þarf að leggja meiri áherslu á þróun og rannsóknir á möguleikum til ferjuflutninga á milli Íslands og Evrópu, með Skotland sem næstu höfn sem tengist meginlandinu. Hópurinn sér fyrir sér framtíð þar sem ferjur á þessari leið ganga fyrir rafmagni, metani eða öðrum vistvænum orkugjöfum. Hér þarf að byrja að hugsa um lausnir til lengri tíma. Einnig þarf að leggja ríkari áherslu á að veita fjármagnir í rannsóknir og þróun á vistvænni orkugjöfum fyrir flugsamgöngur.

Loftslagshópur Landverndar hefur lagt fram tillögu sem miðar að því að eftirfarandi framtíðarsýn verði að veruleika:

- **2020** Aukið fjármagn í nýsköpun og þróun fyrir notkun hreinna orkugjafa í flugsamgöngum í samstarfi við nágrannaþjóðir
- **2020** Aukið fjármagn í nýsköpun og þróun farþegaflutninga með ferjum til Skotlands sem nota vistvæna orkugjafa í samstarfi við Breta
- **2030** Jarðefnaeldsneytislausar sjósamgöngur
- **2035** Markmið um rafvæðingu millilandaflugs
- Að lendingargjald og stæðisgjald fyrir einkaflugvélar sem lenda á flugvöllum í rekstri ISAVIA verði hækkað um 300%

Eins og staðan var fyrir Covid-19 ferðuðust langflestir ferðamenn um landið á eigin bílaleigubíl, sem gekk fyrir jarðefnaeldsneyti. Ísland ætti markvisst að bjóða ferðamönnum upp á samgönguþjónustur sem

eru loftslagsvænni. Bílaleigubílar sem ganga fyrir jarðefnaeldsneyti auka losun, loftmengun og álag á alla vegainnviði með tilheyrandi samfélagskostnaði. Bílaleigur gætu nýtt „biðtímann“ til að móta sér stefnu og aðgerðaráætlun um hvernig væri hægt að byggja starfsemina upp aftur með loftslagsvænum lausnum.


Loftslagshópur Landverndar vill:

- Að sala á nýjum dísil- og bensínbílum verði bönnuð frá 2023 og að bíleigendur verði hvattir til þess að breyta bílum sínum í metanbíla með nauðsynlegum hvötum.
- Að allar bílaleigur verði skuldbundnar til þess að kaupa eingöngu inn vistvæna bíla frá 2022
- Borgarlínuframkvæmdir og almenningssamgöngur verði í forgangi við flytingu á opinberum framkvæmdum vegna Covid-19
- **2025** Jarðefnaeldsneytislausar almenningssamgöngur á landi
- **2030** Jarðefnaeldsneytislausar landssamgöngur

Til að fleiri ferðamenn nýti almenningssamgöngur gætu sveitarfélög undirbúið upplýsingaherferð um þann fjölbreytta ferðamáta sem er í boði á hverjum stað og lagt aukna áherslu t.d. á rafhjólafarðamennsku, hjólaferðir, gönguferðir og að bæta almenningssamgöngur til og frá vinsælum ferðamannastöðum. Hótel og gististaðir gætu verið með góða og hvetjandi aðstöðu fyrir fjölbreyttan ferðamáta t.d. hleðslustæði, hjólastæði/rafhjólalastæði, leigt út rafhjól og verið með ítarlegar upplýsingar um gönguleiðir í nágrenninu. Upplýsingar um Strætóappið væri hægt að auglýsa betur bæði á BSÍ og á Keflavíkurflugvelli.

Þekking almennings um allan heim og áhyggjur af loftslagsmálum eru vaxandi. Í því felast líka tækifæri, Ísland ætti að verða það land sem fólk sem er umhugað um umhverfið sækir í að heimsækja. En þá þurfum við að passa vel upp á að umhverfisáhrifin af komu ferðamanna verði í algjöru lágmarki.

Einn liður í átaki stjórnvalda til að koma hjólunum aftur í gang er gjafakort sem hvetur til ferðalaga innanlands. Hér væri hægt að vanda valið og styðja við þau fyrirtæki sem eru með metnaðarfulla umhverfisstefnu og eru að huga að loftslagsvænum lausnum.



Tindfjöll. Ljósmynd: Gissur Orri Steinarsson

## Ályktanir 2019-2020



### Hálendisþjóðgarður án nýrra virkjana

Landvernd hefur í áráðir barist fyrir þjóðgarði á miðhálandinu og ályktaði aðalfundur árið 2006 um að hálendið yrði gert að griðarsvæði. Stjórn Landverndar styður stofnun þjóðgarðs á hálendi Íslands en leggst gegn hugmyndum um nýjar virkjanir og aðrar stórframkvæmdir innan hans.



### Náttúruvernd undir einn hatt

Landvernd styður hugmyndir um þjóðgarðastofnun þar sem öll náttúruvernd á vegum ríkisins færi undir einn hatt. Stjórn Landverndar gerir þó athugasemdir við stjórnfyrikomulag og heimildir til stórra framkvæmda innan þjóðgarða sem reifaðar voru í frumvarpsdrögum um þjóðgarðastofnun í vetur.



Í Lónsöræfum. Ljósmynd: Snorri Baldursson

### Ofsaveður og ábyrgðarlaust tal

Í því erfiða ástandi sem skapaðist í kjölfar fárviðrisins í desember 2019 vörpuðu forsvarsmenn orkufyrirtækja ábyrgð á náttúruverndarfólk. Stjórn Landverndar vill að veikustu hlekkirnir í raforkukerfi landsins séu greindir áður en gripið er til aðgerða. Auka þarf notkun jarðstrengja til að tryggja raforkuöryggi og stjórn Landverndar bendir á að ódýrasti virkjunarkosturinn er orkusparnaður og bætt orkunýtni.



### Aðgerðir í loftslagsmálum – áskorun og undirskriftarlisti

Landvernd krefst aðgerða í loftslagsmálum án tafar og stóð fyrir undirskriftarsófnun á árinu. Þar er skorað á íslensk stjórnvöld að grípa tafarlaust til afdráttarlausra og öflugra aðgerða til að snúa við þeirri ógnvænlegu þróun sem nú blasir við í loftslagsmálum og ógnar öllu lífríki. Núverandi aðgerðaráætlun dugir engan veginn til.



### Áskorun á umhverfis- og auðlindaráðherra og forstjóra Umhverfisstofnunar

Sumarið 2019 voru umhverfis- og auðlindaráðherra og forstjóra Umhverfisstofnunar afhentar rúmlega átta þúsund undirskriftir þar sem þess var krafist að tillögur Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ) um svæði á náttúruminjasrá, sem felur í sér friðlýsingu Drangajökulssvæðisins, yrðu tafarlaust lagðar fyrir Alþingi. Tillögur NÍ eru enn í vinnslu hjá Umhverfisstofnun tveimur árum eftir að NÍ lagði þær fram.

## Útgáfa



### Dagur íslenskrar náttúru – verkefni fyrir grunnskóla

Útbúnar voru þrjár verkefnalýsingar, ein fyrir hvert skólastig grunnskóla, í tilefni af Degi íslenskrar náttúru þann 16. september 2019. Verkefnin eru einföld í notkun og hafa það að markmiði að nemendur fari út og skoði náttúruna í kringum skólann sinn. Um samstarfsverkefni milli Landverndar, umhverfis- og auðlindaráðuneytis, mennta- og menningarmálaráðuneytis og Reykjavíkurborgar er að ræða.

[landvernd.is/skolaverkefni-fyrir-dag-islenskrar-natturu](http://landvernd.is/skolaverkefni-fyrir-dag-islenskrar-natturu)



### Hvað getum við gert?! Endurhugsum framtíðina

Hvað getum við gert? er stutt myndbandaþáttaröð um hvernig við getum brugðist við þeim vandamálum sem við höfum skapað með neyslu okkar og lífsstíl. Myndböndin eru fimm og tekur hvert þeirra á einum þætti sem einstaklingar geta gert til að draga úr vandanum. Endurhugsum það sem við þurfum, notum og kaupum; afþökkum það sem við viljum ekki; einföldum líf okkar og kaupum minna; endurnýtum gamla hluti og kaupum notað; endurvinnsla er neyðarúrræði og því sísti kosturinn.

[landvernd.is/hvad-getum-vid-gert](http://landvernd.is/hvad-getum-vid-gert)



### Hreint haf

Námsefnið Hreint haf fjallar um áhrif mengunar af manna völdum á hafið. Hafið er notað sem rauður þráður í kennslu um loftslagsbreytingar, neyslu og sjálfbærni. Þemaverkefnið Hafðu áhrif! er valdeflandi og veitir nemendum verkfæri til að takast á við flókin viðfangsefni líkt og loftslagsbreytingar á tímum loftslagskvíða.

Höfundur námsefnisins er Margrét Hugadóttir, sérfræðingur við Skóla á grænni grein hjá Landvernd.

[landvernd.is/hreinthaf](http://landvernd.is/hreinthaf)



### Saman gegn matarsóun – Nýtt námsefni um matarsóun frá Landvernd og Menntamálastofnun

Í bókinni er fjallað um matarsóun út frá ýmsum sjónarhornum og samanstendur hún af verkefnabanka annars vegar og kennsluleiðbeiningum hins vegar. Í verkefnabankanum eru tíu fjölbreytt verkefni sem tengjast innbyrðis, en einnig er hægt að vinna stök verkefni. Verkefnin fjalla meðal annars um samfélagslegar, náttúrufræðilegar og fjárhagslegar afleiðingar matarsóunar og hvernig nemendur geta unnið saman gegn matarsóun. Verkefnin taka mið af aðalnámsskrá grunnskóla á sviði náttúrugreina, samfélagsgreina og heimilisfræði og eru tengd hæfniviðmiðum þessara greina og grunnþáttum menntunar í kennsluleiðbeiningum. Námsefnið kom út haustið 2019 og er hugsað fyrir miðstig og unglingastig grunnskóla. Höfundar eru Rannveig Magnúsdóttir, doktor í líffræði og sérfræðingur hjá Landvernd og Jóhanna Höskuldsdóttir, heimilisfræðikennari og fyrrum starfsmaður Skóla á grænni grein hjá Landvernd.

[landvernd.is/saman-gegn-matarsoun](http://landvernd.is/saman-gegn-matarsoun)



Rannveig Magnúsdóttir og Jóhanna Höskuldsdóttir, höfundar námsefnisins, með Andra Má Sigurðssyni, ritstjóra hjá Menntamálastofnun.



Drífa Snædal, forseti Alþýðusambands Íslands:

## Ný græn atvinna

Við þurfum nýjar stoðir í atvinnu sem bjóða upp á vel launuð störf, örugg og með trygg ráðningasambönd en jafnframt í sátt við náttúruna og þau markmið sem við setjum okkur í baráttunni gegn loftslagsbreytingum. Við höfum tækifæri til að hugsa upp á nýtt enda er sú grunnstoð sem við byggðum síðustu efnahagslegu endurreisn á viðkvæm fyrir öllum utanaðkomandi breytingum. Ferðapjónustan byggist að auki á losaralegum ráðningasamböndum, lágum launum og oft og tíðum skorti á almennri vinnuvernd. Gagnrýni verkalýðshreyfingarinnar á atvinnuháttum ferðapjónustunnar er ekki úr lausu lofti gripin þó vissulega séu fyrirtæki sem standa sig vel. Það er hins vegar umhugsunarefni að þegar þrengir að er það skjól sem trygg ráðningasambönd geta veitt síst að finna í ferðapjónustunni.

Þær aðgerðir sem við grípum til í núverandi efnahagsþrengingum þurfa að beinast að uppbyggingu hringrásarhagkerfisins, nýsköpun, listsköpun og tæknivæðingu. Það á að vera hin nýja atvinnustefna okkar að skapa góð og örugg störf. Áður en þetta nýja efnahagshrun dundi yfir okkur höfum við samtalið við stjórnvöld og ýttum á svokölluð sanngjörn umskipti. Sú hugmyndafræði byggir á samráði og samstarfi stjórnvalda og verkalýðshreyfingarinnar um stuðning við umskipti atvinnulífsins frá mengandi iðnaði til grænna lausna. Í úrræðunum getur falist stuðningur til vinnandi fólks til að flýta eftirlaunum, endurmennta sig og vera tilbúin í ný atvinnutækifæri. Þétt samráð er mikilvægt þar sem úrræðin eru mismunandi eftir stéttum, kynjum og búsetusvæðum.



Sú efnahagskreppa sem nú ríður yfir gerir þetta samráð mikilvægara en áður enda þarf beinlínis að taka ákvörðun um hvernig hægt er að byggja upp atvinnulíf eftir heiftarlegan samdrátt. Það mun ekki standa á verkalýðshreyfingunni að taka þátt í uppbyggingunni með velferð fólks og náttúru að leiðarljósi og nú þegar hefur verið tekin ákvörðun um að umhverfismálin skipi stóran sess á þingi ASÍ í haust.

Í upptaktinum höfum við átt gott samstarf við félagasamtök, þar á meðal Landvernd og vonumst eftir frekara samstarfi. Ærin eru verkefnin.



Austur Reykjadalir. Ljósmynd: Þóra Ellen Þórhallsdóttir

# Stefna Landverndar 2019-2021

Á síðasta aðalfundi var ný stefna Landverndar samþykkt. Með stefnunni fá stjórn og starfsfólk Landverndar skýra mynd af því hvert félagsfólk vill að kröftum samtakanna verði beint, almenningur skilur betur um hvað samtökin snúast og vinna við forgangs röðun málefna verður auðveldari.

Samkvæmt stefnunni eru málefni sem Landvernd tekur á næstu þrjú ár náttúruvernd, loftslagsmál og sjálfbært samfélag. Sjónum verður beint að fræðslu og ungu fólki sérstaklega. Áherslurnar eru í fullu samræmi við 3. gr. gildandi samþykktu samtakanna um markmið þeirra.

Stefnan var unnin þannig að öllum félagsmönnum var boðið á stefnumótunarfund í janúar 2019 þar sem félagar ræddu í hópum um samtökin og hvernig þau ættu að verða í náinni framtíð. Fyrirtækið Þekkingarmiðlun, sem sérhæfir sig í stefnumótunavinnu, hafði umsjón með fundinum og skilaði skýrslu með helstu niðurstöðum. Fundurinn var vel sóttur og ótal framsækjar hugmyndir voru reifaðar. Áherslumálin sem hóparnir settu fram voru flokkuð í tíu flokka sem síðan voru skoðuð nánar og skilgreind sem fjögur viðfangsefni.

Hóparnir settu líka fram hugmyndir um aðgerðir sem mætti beita til þess að ná árangri. Stjórn og starfsfólk Landverndar fór svo yfir þessar hugmyndir og mótaði aðgerðaráætlun. Stefnan var loks lögð fyrir aðalfund Landverndar þann 30. apríl 2019 og var samþykkt.

Vinna á skrifstofu Landverndar miðast nú við þá málefnaflokk sem koma fram í stefnunni. Fyrir hvern málefnaflokk voru skilgreindar aðgerðir sem skrifstofa og stjórn ákveða við byrjun hvers starfsárs að taka fyrir. Á liðnu starfsári var til dæmis farið í að efla grasrótastarf Landverndar (sjá bls. 10 og 11), auka áherslu á ungt fólk og loftslagsmál með stórum viðburði á Austurvelli í september (sjá bls. 26) og verkefninu *Ungt umhverfisfréttafólk* (sjá bls. 7), vinna að verndun miðhálandisins með fundum, samfélagsmiðlaherferð, greinaskrifum og umsögnum (sjá bls. 12, 16, 17 og 27) og vernda víðerni Drangajökulssvæðisins (sjá bls. 24 og 25). Auk þess hafa menntaverkefni *Skólar á grænni grein* og *Vistheimt með skólum* verið eflað.

Stefnuna í heild má finna á heimasíðu Landverndar ásamt nánari samantekt á þeim verkefnum sem stjórn og starfsfólk ákváðu í sameiningu að vinna að þetta starfsár og hvernig til tókst.



## Loftslagsmál

Þrýstingur á valdhafa  
Endurheimt votlendis  
Ungt fólk  
Súrnun sjávar  
Samdráttur um 30% í losun gróðurhúsalofttegunda til 2030

## Sjálfbært samfélag

Draga úr sóun  
Vitundarvakning um neyslu  
Stuðningur við grænmetisframleiðslu  
Draga úr kjötinnflutningi, kjötneyslu  
Stýra beit




## Fræðsla og ungt fólk

Verkefni með skólum  
Styrkja grasrót  
Almenningsfræðsla  
Þátttaka í almennri umræðu

## Náttúruvernd

Miðhálandisþjóðgarður  
Náttúruverndarlög  
Barátta gegn stórum framkvæmdum  
Verndun víðerna



Teikningar: Aron Freyr Heimisson, sjá einnig bls. 17



Á Kverkfjallaleið. Ljósmyndari: Kristján Ingi Einarsson

## Rekstrarreikningur ársins 2019

Rekstrartekjur:	2019	2018
Árgjöld .....	58.789.897	44.935.651
Almennir styrkir .....	16.741.375	9.840.665
Verkefnatengdar tekjur og styrkir .....	42.529.405	46.224.817
Umsýslu - og aðstöðugjald .....	6.386.937	4.968.394
Aðrar tekjur .....	2.406.936	387.350
	<u>126.854.550</u>	<u>106.356.877</u>
<b>Rekstrargjöld:</b>		
Laun og tengd gjöld .....	31.634.294	24.858.252
Verkefnatengd gjöld .....	45.854.722	47.596.656
Önnur rekstrargjöld .....	47.464.755	35.973.411
Afskrift rekstrarfjármuna .....	193.188	193.188
Fjármagnstekjuskattur.....	69.043	88.449
	<u>125.216.002</u>	<u>108.709.956</u>
Hagnaður ( tap ) fyrir fjármuna - og fjármagnsliði .....	1.638.548	(2.353.079)
<b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:</b>		
Fjármunatekjur .....	1.553.838	1.554.740
Fjármagnsgjöld .....	(46.626)	(3.267)
	<u>1.507.212</u>	<u>1.551.473</u>
Hagnaður ( halli ) ársins .....	<u>3.145.760</u>	<u>(801.606)</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2019

Eignir:	2019	2018
<b>Fastafjármunir:</b>		
Varanlegir rekstrarfjármunir:		
Jörðin Alviðra og Öndverðanes II .....	8.838.074	9.031.262
Langtímakröfur:		
Verðbréfaeign Hússjóðs .....	22.414.763	21.251.038
Fastafjármunir alls .....	<u>31.252.837</u>	<u>30.282.300</u>
<b>Veltufjármunir:</b>		
Birgðir, bækur o.fl. ....	680.000	680.000
Kröfur og fyrirfram greidd gjöld .....	13.926.344	6.285.828
Handbært fé .....	30.200.200	32.802.631
Veltufjármunir alls .....	<u>44.806.544</u>	<u>39.768.459</u>
Eignir alls .....	<u>76.059.381</u>	<u>70.050.759</u>
<b>Skuldir og eigið fé:</b>		
Eigið fé:		
Eigið fé .....	62.491.905	59.346.145
Skuldir:		
Skammtímaskuldir:		
Skuldbindingar vegna móttækinnna styrkja .....	8.044.000	4.158.253
Ýmsar skammtímaskuldir.....	5.523.476	6.546.361
Skuldir alls .....	<u>13.567.476</u>	<u>10.704.614</u>
Skuldir og eigið fé, alls.....	<u>76.059.381</u>	<u>70.050.759</u>



## Arfleifð Árneshrepps

Strandafjöllin, dulúðleg og ægífögur, umvefja lítið samfélag við ysta haf, Árneshrepp á Ströndum. Svólitið eins og í ævintýrunum er annar heimur handan þessara fjalla. Annar tími. Lífstaktur sem tifar ekki í kapp við klukkuna því honum ræður óútreiknanleg náttúran. Duttlungafull, gjöful, krefjandi, jafnvel yfirþyrmandi og svólitið erfið í sambúð en svo undur falleg og heillandi. Hún er harður húsbóndi sem setur þröngar skorður, mótar íbúana og þjappar þeim saman. Án samstöðu og samvinnu gæti samfélag í Árneshreppi aldrei dafnað. Þar reiðir sig hver á sjálfan sig en, þegar allt bregst, hver á annan.

Inn í 20. öldina stigu 444 Árneshreppsþúar. Stórhuga og kjarkmikið fólk sem lagði alúð í að byggja upp samfélagið sitt, atvinnuvegina, félagslífið og í að mennta sig og börnin sín. Stofnaði ungmennafélög, tvö frekar en eitt, lestrarfélag og bókasafn, ræktunarsamband fyrir bæði sauðfé og nautgripi, leikfélag, sparisjóð, rak fjórar verslanir og byggði sundlaug. Þetta fólk bjó í þremur póstnúmerum, tefldi í gegnum sveitasímann og aflaði þar fréttu sem ef til vill voru ekki alltaf ætlaðar þeim sem á hlýddu. Ræktaði landið sitt og fjárstofninn, sótti fengsæl fiskimið, klauf rekavið í staura og hlúði að hlunnindum. Tókst á við norðanáttina, hafis, kalín tún og práláta þokuna af æðruleysi. Framsýnt fólk sem vissi að menntun barna í heimabyggð er undirstaða hvers byggðarlags og reisti barnaskóla á Finnbogastöðum. Hann varð fljótt að grunnstoð í samfélaginu sem sinnt var af miklum metnaði og þrautsegu af allra hálfu. Það þótti ekki tiltökumál þó að börn þyrftu að ganga eina eða tvær dagleiðir í skólann, þar beið þeirra menntun og félagslíf sem ekki fékkst heima fyrir.



Hvalá. Ljósmyndari: Rakel Valgeirsdóttir

Það er ríkidæmi að fá að alast upp í Árneshreppi, eiga þar rætur. Á því er erfitt að festa hendi en það felst í samspili sögunnar, náttúrunnar og mannlífsins sem mynda þar órofa heild. Í Árneshreppi er harðbýlt en þar er líka feegurðin alltumlykjandi. Hvort tveggja sest í sálina, mótar hana og mýkir. Sögusvið íbúanna sjálfra er það sama og genginna fornkappa, útilegumanna og alþýðuhetja. Álfabústaðir og steinrunnin tröll jafneðlilegur hluti af tilverunni og nágrennin á næsta bæ. Í þessu umhverfi er gott að alast upp, þarna er gott að vera og gott að búa. Um það þarf enginn að efast.

Á síðastliðnum 100 árum hefur íbúafjöldi hreppsins samt dregist saman um rúmlega 500 manns. Þar býr enn fólk sem kann að lesa í landið, lífstakturinn er sá sami og viðfangsefnin líka þó íbúunum fækki og atvinnuhættir þróist. Sauðkindin og sjósókn hafa verið lífæð Árneshrepps frá upphafi byggðar þar og eru enn. Á undanförunum 35 árum hefur svo ferðapjónusta hægt og bitandi fest sig í sessi. Með mikilli elju hefur tekist að byggja upp tjaldstæði, gistiheimili, hótél, Ferðafélagsskála og veitingastað. Afþreyingu á borð við gönguleiðsagnir, sleðaferðir og siglingar að ógleymdu Minja- og handverkshúsinu Kört þar sem menningararfur svæðisins á sér gríðarstað og er miðlað áfram til gesta. Og þó að Krossneslaug sé eldri en öll þessi uppbygging er hún áfangastaður flestra gesta svæðisins og skildi engan undra. Þeir sem sækja Árneshrepp heim skynja sérstöðu svæðisins. Hafa orð á henni og sækja í hana aftur. Þrjá mánuði á ári iðar Árneshreppur af lífi. Þá er fólk í tæplega 60 húsum í hreppnum, á veturna er ljós í glugga á tólf heimilum. Ferðapjónustan er orðin að lífæð, í það minnsta þrjá mánuði á ári. Sá tímarammi er ekki sniðinn að því að það sé ekkert að sjá og upplifa í Árneshreppi hina níu mánuðina, þvert á móti. Heldur því að það er verulega erfitt að halda úti ferðapjónustu svona fjarri stærstu þéttbýliskjörnum landsins á öðrum árstímum. Og samgöngum. Samgöngur eru og hafa verið stærsti áhrifaþáttur byggðar í Árneshreppi í áratugi. Eiginlega alveg síðan sveitin komst í vegasamband árið 1966. Stór hluti af þeim vegi er nánast óbreyttur. Í 80 daga á ári er ekki til samgönguáætlun fyrir Árneshrepp. Í bókum ríkisins heitir það G-regla og á ekki við um neitt annað sjálfstætt sveitafélag á landinu. Vegurinn um Veidíleysuháls liggur hátt og hann lokast hratt, honum hefur dvalist á vegaáætlun. Vegurinn um Kjörvogshlíð er hins vegar stórhættulegur, þar geta fallið snjóflóð og skriður svo þétt að þau verða varla talin. Sá vegur fær ekki enn að verma vegaáætlun. Og varast skal að villa þessum vegum saman við verkáætlun Vesturveks vegna Hvalárvirkjunar, þeir fyrirhuguðu slóðar eru fyrir norðan byggðina og hafa ekkert með heilsársamgöngur í Árneshrepp að gera.





Drangaskörð. Ljósmyndari: Rakel Valgeirsdóttir

Það þarf engan að undra að ungt fólk flykkist ekki að til að búa sér og börnum sínum heimili í því þjónustuleysi sem ríkið hefur vogað sér að sýna Árneshreppsþúum. Tæplega 20 manns tóku á móti árinu 2020 í Árneshreppi. Skólastofur Finnbogastaðaskóla standa auðar. Því fylgir sorg að sjá samfélagið dragast saman. Sorgin verður enn sárari þegar utanaðkomandi aðilar, stór fyrirtæki og lífeyrissjóðirnir okkar, sjá sér gróðavon í smæðinni, neyðinni. Leggja til atlögu, smokra sér inn og höggva skörð í það samfélag sem eftir stendur. Kvarna úr samstöðunni. Þær leikreglur eru margnotaðar og virðast, því miður, alltaf vera jafn skilvirkar.

Að leggja ríflega þriðjung af landi hreppsins, meðal annars ósnortin víðerni, undir virkjunarsvæði fyrir mannlausa virkjun norðan við byggðina undir því yfirsíni að verið sé að bjarga samfélaginu í Árneshreppi er, svo vægt sé til orða tekið, óheiðarlegt.


Þvert á móti er verið að grafa undan þeirri framtíð sem fólk hefur lagt allt sitt í að byggja upp. Ferðaþjónusta í Árneshreppi byggist á þeim samhljómi sem mannlíf, saga og náttúra mynda. Hún byggist á sérstöðunni sem þetta litla samfélag á hjara veraldar býr yfir vegna þess að þar endar vegurinn og víðernin taka við. Vegna þess að þarna hafa tengsl sögu, náttúru og samfélags enn ekki rofnað. Í því búa galdrarnir og að þeim erum við flest að leita. Göldrunum og kyrrðinni.

Undanfarið hefur kveðið við falskan tón í þessum samhljómi. Það er þróun sem ríður á að breyta. Arfur kynslóðanna sem á eftir okkur koma, friðaða náttúran, heiðavötnin, fallvötnin og víðernin mega ekki verða megavött.

Rakel Valgeirsdóttir  
Valgeir Benediktsson



Árnestapar. Ljósmyndari: Valgeir Benediktsson



Finnbogastaðafjall. Ljósmyndari: Valgeir Benediktsson

## Nokkrir valdir viðburðir

Janúar 2019 - janúar 2020

### Kvikmyndasýningar í Bíó Paradís

Sem hluti af mælis dagskrár í tilefni hálftrar aldar afmælis samtakanna bauð Landvernd til kvikmyndasýninga í Bíó Paradís sem tengdust umhverfismálum. Á nokkrum sýningum var efnt til opinna umræðna og spurninga til framleiðanda þar sem áhorfendur fengu tækifæri til að koma sínum hugmyndum og skoðunum á framfæri. Meðal annars voru kvikmyndirnar *A Plastic Ocean*, *The True Cost*, *UseLess* og *Hvellur* sýndar.

22. maí 2019

### Dýradagurinn og Jane Goodall

Dýradagurinn var haldinn í fyrsta skipti á Íslandi þann 22. maí 2019 á alþjóðlegum degi líffræðilegrar fjölbreytni. Hugmyndin kemur úr smíðju Roots & Shoots samtaka Jane Goodall og kallast Animal Parade. Um er að ræða valdeflandi viðburð sem haldinn er víða um heim og gefur nemendum tækifæri til að læra um og vekja athygli á lífbreytileika. Fyrir viðburðinn gerðu nemendur grímur og búninga úr efni sem annars hefði verið hent. Gengið var í litríkri skruðgöngu frá Laugarnesskóla yfir í Grasagarðinn þar sem við tók stutt dagskrá. Stefnt er að því að þetta verði árlegur viðburður og að Jane sjálf verði viðstödd gönguna vorið 2021.



Frá skruðgöngu Dýradagsins 2019

12. júní 2019

### Fuglaskoðun í friðlandinu í Flóa

Í frábæru veðri héldu um 40 félagsmenn Landverndar í Friðlandið í Flóa þar sem fuglfræðingurinn Jóhann Óli Hilmarsson hélt leiðsögn um svæðið og fuglalíf í votlendinu var skoðað.

7. september 2019

### Málþing SUNN og Landverndar á LÝSU

Landvernd og SUNN (Samtök um náttúruvernd á Norðurlandi), stóðu fyrir tveimur málþingum á LÝSU – Rokkhátíð samtalsins. Á öðru málþinginu var rætt um hamfarahlýnun og samgöngur við borgarstjóra Reykjavíkur Dag B. Eggertsson og fleiri gesti og á hinu um áform um Hálandisþjóðgarð. Góð þátttaka var á báðum málþingum og skemmtilegar umræður sköpuðust.

20. september 2019

### Aðgerðir strax! Allsherjarverkfall á Austurvelli



Vikuleg loftslagsverkföll hafa verið haldin á föstudögum á Austurvelli síðan í febrúar 2019. Þar koma einstaklingar á öllum aldri saman og krefjast raunverulegra aðgerða gegn hamfarahlýnun frá stjórnvöldum án tafar! Landvernd, ásamt skipuleggjendum loftslagsverkfallanna og samtökunum Vakandi, buðu til veislu föstudaginn 20. september sem markaði upphaf Allsherjarverkfallsvikunnar 20. - 27. september. Þá viku voru loftslagsverkföll á hverjum degi. Gengið var í mótmælögöngu frá Hallgrímskirkju niður á Austurvöll þar sem lögð var fram áskorun til stjórnvalda og undirskriftarsöfnun vegna hennar. Ávörp og tónlistartriði blésu svo þátttakendum baráttuanda í brjóst.



Frá loftslagsverkföllinu föstudaginn 20. september

27. september – 17. nóvember 2019

### Margmiðlunarsýning um íslenska náttúru

Margmiðlunarsýningin Enginn veit hvað átt hefur fyrr en misst hefur var samsýning Landverndar og Ólafs Sveinssonar í samstarfi við Norræna húsið og Framtíðarlandið. Á þessari einstöku sýningu voru um 70 áhrifamiklar ljósmyndir, stuttmyndir og gagnvirkir upplýsingaskjái af þeim náttúruperlum sem hafa glatast og gætu glatast ef haldið er áfram á sömu braut hvað varðar virkjanir á Íslandi. Hjarta sýningarinnar sló í aðalsal Norræna hússins þar sem sjá mátti þrjú myndbandsverk eftir Ólaf Sveinsson um áhrifasvæði Kárahnjúkavirkjunar auk tveggja stuttmynda um hina umdeildu Hvalárvirkjun í Ófeigsfirði á Ströndum. Hið dýrmæta en viðkvæma dýraríki landsins í samspili við fyrrnefndar náttúruperlur var einnig í kastljósi sýningarinnar.

25. október 2019



Frú Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands horfði frá nútíð til framtíðar í ávarpi sínu á afmælishátíð Landverndar.

## Landvernd 50 ára - Afmælishátíð og ráðstefna

Á 50 ára afmælisdegi samtakanna, þann 25. október, blés Landvernd til afmælishátíðar og ráðstefnu í Norræna húsinu sem fjölmargir sóttu. Fyrri hluti dagskrárinnar var ráðstefna sem bar yfirskriftina Sigrar og ósigrar í íslenskri náttúruvernd í 50 ár. Þar voru flutt fimm erindi með pallborðsumræðum ásamt ávarpi frá verndara Landverndar, frú Vigdís Finnbogadóttur.

Að loknu kaffihléi tók við hátíðarfundur þar sem flutt voru ávörp, hlýtt á fjarkveðjur frá erlendum systursamtökum Landverndar og listamenn fluttu atriði undir liðnum *Lífð, náttúran og menningin*.

20. nóvember 2019

## Hugvekja um soun auðlinda í daglegu lífi

Landvernd, ásamt Listaháskóla Íslands og Siðfræðistofnun, bauð til hugvekju um soun auðlinda í daglegu lífi. Hugvekjunn var ætlað að sýna hversu mikil not er hægt að hafa af hlutum sem búið er að henda eða afskrifa. Nemendur á öðru ári í fatakönnun við LHÍ héldu áhugaverða fatasýningu með fótum úr endurnýttu efni í samstarfi við fatasöfnun Rauða kross Íslands.

Fyrirtækið Ljótu kartöflunar kynnti hugmyndafræði um nýtingu á útlitsgölluðum kartöflum og Henry Alexander Henrysson flutti hugvekju og stýrði umræðum um sounina í lífi okkar. Landvernd bauð að lokum upp á súpu úr matvælum sem hafði verið hent.

7. desember 2019

## Jólagjafavinnustofa Landverndar – GPS (gerðu það sjálfur)

Í tilraun til að vekja athygli á hugmyndafræði umhverfisvænni jóla buðu Landvernd og Reykjavík Tool Library til jólagjafavinnustofu þar sem lögð var áhersla á að útbúa jólagjafir sjálf (GPS/DIY) og endurnýta það sem nú þegar er til í jólagjafir, jólaskraut eða gjafaumbúðir. Vinnustofan heppnaðist vel og gátu þátttakendur nýtt sér ýmis tæki og tól sem Reykjavík Tool Library hefur upp á að bjóða, t.d. sagir, hamra, límbýssur og saumavélar.

23. janúar 2020

## Grænmetisrækt, sjálfbærni og nýsköpun - Málþing Veganúar

Í stefnu Landverndar kemur fram að styðja þurfi við innlenda grænmetisframleiðslu. Í janúar hélt Landvernd málþing í samstarfi við Samtök grænkerar á Íslandi þar sem fjallað var um grænmetisrækt, sjálfbærni og nýsköpun á Íslandi. Grænmetisbændur vörpuðu ljósi á stöðu grænmetisræktunar hér á landi og þingmenn ólíkra stjórnmálaflokka brugðust við. Málþingið gekk vonum framar og var ánægjulegt að sjá hve mikil þverpólitísk samstaða virtist ríkja um málefnið og því ljóst að stöðu grænmetisbænda á Íslandi þurfi að styrkja til muna.

31. janúar 2020

## Náttúran og Hálandisþjóðgarður – Málþing á Suðurlandi

Landvernd, Eldvötn og Náttúruverndarsamtök Suðurlands (NSS) buðu til málþings í fundarsal Landgræðslunnar í Gunnarsholti. Markmiðið var að skapa vettvang á Suðurlandi fyrir umræður um Hálandisþjóðgarð þar sem áhersla var lögð á opna umræðu um náttúruvernd. Ýmis sjónarmið komu fram í erindum framsögumanna og umræðum í fundarlok en mest bar á því að stofnun Hálandisþjóðgarðs þurfi að byggja á nánú samstarfi og samráði milli hagaðila. T.a.m. vitnaði Halldóra Hreggviðsdóttir, einn framsögumanna frá Alta ráðgjöf, í lokaorðum sínum í afrískt orðatiltæki „viljirðu fara hratt ferðu einn en viljirðu komast langt ferðu með fleirum og með fleirum mótum við þjóðgarð á okkar forsendum.“



Frá Málþinginu um náttúruna og Hálandisþjóðgarð

7. febrúar 2020

## Ráðstefna Skóla á grænni grein – Við getum öll haft áhrif

Ráðstefnan fór fram í Verzlunarskóla Íslands þann 7. febrúar 2020 og var sérstök áhersla lögð á loftslagsbreytingar og valdeflingu nemenda. Tæplega tvö hundruð manns mættu á ráðstefnuna.

Páll Magnússon, ráðuneytissjóri mennta- og menningarmálaráðuneytisins setti ráðstefnuna í fjarveru Lilju Alfreðsdóttur, ráðherra og opnaði nýjan vef verkefnisins [www.graenfaninn.is](http://www.graenfaninn.is). Einnig hélt Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra, erindi og veitti þremur leikskólum viðurkenningu sem hafa staðið sig vel í verkefninu og verið lengi með.

Á ráðstefnunni voru innblásin erindi um valdeflingu nemenda og loftslagsmál í bland við vinnustofur og menntabúðir. Erindi héldu Andri Snær Magnason, rithöfundur, Sóley Dröfn Davíðsdóttir, sálfræðingur, Hildur Knútsdóttir, rithöfundur og Eydís Blöndal, ljóðskáld. Auk þess flutti Svavar Knútur tónlistaratriði.

Þátttakendur voru almennt ánægðir með ráðstefnuna og töldu mikilvægt að hafa vettvang til að deila hugmyndum, skiptast á skoðunum og rækta tengslanet fólks sem vinnur að sömu málum.



Frá ráðstefnu Skóla á grænni grein

# Gjafabréf Landverndar



## Framtíðin er græn

Með þessari gjöf styður þú við sjálfbært samfélag

Framlag í þínu nafni rennur til vitundarvakningar um sjálfbærni og vistspor



## Gjöf fyrir loftslagið

-Fjallsárlón

Með þessari gjöf spornar þú gegn loftslagsbreytingum af mannavöldum

Framlag í þínu nafni rennur til aðgerða Landverndar í þágu loftlagsins



## „Hálendið er í alla staði verðmætara villt en virkjað“

-Snorri Baldursson

Með þessari gjöf styður þú náttúru Íslands

Framlag í þínu nafni rennur til grænnar pólitíkur Landverndar



## Plastlaus gjöf

Með þessari gjöf styður þú við sjálfbært samfélag

Framlag í þínu nafni rennur til vitundarvakningar um plast



## „Þú verndar aðeins það sem þú elskar, þú elskar aðeins það sem þú þekkir, þú þekkir aðeins það sem þér er kennt“

Framlag í þínu nafni rennur til fræðsluverkefna Landverndar



## Verndum viðerni

-Drynjandi

Með þessari gjöf styður þú náttúru Íslands

Framlag í þínu nafni rennur til grænnar pólitíkur Landverndar

Gjafabréf Landverndar eru tilvalin tækifærisgjöf.

Með því að gefa gjafabréf Landverndar tekur þú afstöðu með náttúrunni.

[www.landvernd.is/vefverslun](http://www.landvernd.is/vefverslun)